

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 16. mars 2017 - R17020248

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
	Fundargerðir:	
R17010038	Fundargerð 155. fundar Faxaflóahafna sf. frá 10. mars 2017.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað:	
R14030112	Ársreikningur Sorpu bs. fyrir árið 2016.	Sent FMS til meðferðar.
R17010082	Yfirlit innkaupadeildar fyrir febrúar 2017	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R15010245	Kjör fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga kjörtímabilið 2014-2018	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17030097	Umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis; Frumvarp til laga um orlof húsmæðra (afnám laganna) 119. mál.	Sent FMS til umsagnar.
R17030086	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, dags. 9. mars 2017, um heildarlaunakostnað hvers stjórnarálflokks árið 2016.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.
R17030087	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, dags. 9. mars 2017, um lokun skiptistöðvar á Hlemmi	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.
R17020250	Bréf Velferðarráðuneytisins, dags. 24.2.'17, þar sem óskað er eftir tilnefningum í innflytjendaráð.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til meðferðar.
R17030085	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina frá 9.3.'17 um viðbrögð við fjölda íbúða í útleigu hjá Airbnb,	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.
R14080024	Svar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 8.3.'17, við bréfi skrifstofu borgarstjórnar frá 6.2.'17 varðandi móttöku flóttafólks.	Sent borgarfulltrúum, VEL og MAR til kynningar.
	Erindi Miðbæjarfélagsins, dags. 13.3.'17, vegna niðurstöðu umboðsmanns Alþingis varðandi lokun gatna í miðbænum.	Sent borgarlögmanni til umsagnar.
R14030112	Bréf Sorpu, dags. 6.3.'17, varðandi uppgjör vegna reksturs endurvinnslustöðva 2016.	Sent FMS til umsagnar.
R17030132	Umsagnarbeiðni frá nefndarsviði Alþingis um frumvarp til laga um tekjustofan sveitarfélaga (afnám lágmarksútværps), 120. mál.	Sent FMS til umsagnar.
R17010233	Tölfræði afbrota fyrir febrúar.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17030135	Skýrsla Faxaflóahafna; Samantekt um skipulag og starfsemi á Grundartanga.	Sent USK til meðferðar.
R17020029	Dagskrá fjölmenningsþings Reykjavíkurborgar 25. mars 2017.	Send borgarfulltrúum til kynningar.

BORGARRÁÐ 9. mars 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um viðbrögð við fjölda íbúða í útleigu hjá Airbnb - R17030085

Framsókn og flugvallarvinir óska eftir skriflegu svar frá borgarstjóra hvort og þá hvernig meirihlutinn ætli að bregðast við því að fleiri íbúðir eru leigðar á Airbnb, skv. nýrri skýrslu Íslandsbanka um ferðaþjónustuna, en sem nemur fullgerðum íbúðum. Samkvæmt skýrslunni voru 800 íbúðir í útleigu á Airbnb á árinu 2016 en fullgerðar íbúðir voru aðeins 399.

Borgarráð Reykjavíkur
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Gylfaflöt 5, 6. mars 2017

Varðar: Ársreikningur SORPU bs, árið 2016

Meðfylgjandi er ársreikningur SORPU bs. árið 2016 sem stjórn byggðasamlagsins samþykkti á stjórnarfundi þann 24. Febrúar 2017.

Virðingarfyllst,



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri

Ársreikningur

SORPA bs.

2016

SORPA



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 4
Rekstrarreikningur ársins 2016	5
Efnahagsreikningur 31. desember 2016	6 - 7
Sjóðstreymi ársins 2016	8
Skýringar	9- 15
Fylgigögn með ársreikningi	16

Stjórn SORPU bs.:

Halldór Auðar Svansson, stjórnarformaður
Guðmundur Geirdal, varaformaður
Bjarni Torfi Álfþórsson
Kolbrún Þorsteinsdóttir
Rósa Guðbjartsdóttir
Sturla Þorsteinsson

Framkvæmdastjóri:

Björn Hafsteinn Halldórsson

Kjörnir endurskoðendur:

KPMG ehf.
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Aðalstarfsemi SORPU bs. er að annast meðhöndlun úrgangs.

Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður samlagsins 418,6 millj.kr. á árinu. Eigið fé samlagsins í lok árs nam um 2.193 millj.kr. en nam um 1.775 millj.kr. í byrjun árs. Að öðru leyti vísast til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu samlagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Ársverk hjá samlaginu voru 107 og launagreiðslur samlagsins námu um 747 millj.kr. á árinu.

Stjórn SORPU bs. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samlagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. febrúar 2017

Stjórn SORPU bs.:

Halldór Andorr Svansson
Guðni J.

Skúla Þorsteinsdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir

Rannveig Þ. Hjálmsdóttir

Kölbunin G. Þorsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Ólafur A. Ólafsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda SORPU bs.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning SORPU bs. fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 24. febrúar 2017

KPMG ehf.

Hrafmildur Hryggadóttir
Þórunn Ólafsson

Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur			
Djónustutekjur		3.322.491.044	2.801.395.069
Aðrar tekjur		3.065.382	12.763.048
	3	<u>3.325.556.426</u>	<u>2.814.158.117</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	14	946.678.312	828.405.891
Rekstrarkostnaður		1.829.194.928	1.442.838.257
Afskriftir	2, 6	148.413.718	138.587.498
	4	<u>2.924.286.958</u>	<u>2.409.831.646</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		401.269.468	404.326.471
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	5	<u>17.352.560</u>	<u>12.286.098</u>
Hagnaður ársins		<u>418.622.028</u>	<u>416.612.569</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2016	2015
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	2, 6		
Gufunes móttökustöð		316.023.191	351.100.047
Álfsnes urðunarstöð		569.538.156	440.672.013
Gufunes vélar og tæki		289.256.388	275.046.406
Endurvinnslustöðvar		440.595.963	383.313.949
		<u>1.615.413.698</u>	<u>1.450.132.415</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	7	23.790.843	22.868.651
Bundnar bankainnstæður		55.228.072	45.358.926
		<u>79.018.915</u>	<u>68.227.577</u>
Fastafjármunir		<u>1.694.432.613</u>	<u>1.518.359.992</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur	2	196.869.290	145.482.480
Aðrar kröfur		7.431.478	999.504
Kröfur á tengd félög	15	295.918.910	177.664.649
Fyrirframgreiddur kostnaður		128.914.868	0
Handbært fé:	2		
Bankainnstæður		909.333.348	875.174.161
Veltufjármunir		<u>1.538.467.894</u>	<u>1.199.320.794</u>
Eignir samtals		<u>3.232.900.507</u>	<u>2.717.680.786</u>

31. desember 2016

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2016	2015
Eigið fé	8, 9		
Stofnfé		336.962.569	336.962.569
Óráðstafað eigið fé		1.856.528.330	1.437.906.302
Eigið fé samtals		<u>2.193.490.899</u>	<u>1.774.868.871</u>
Skuldbindingar			
Skuldbinding vegna ábyrgðar á urðunarstað	11	57.522.125	47.131.626
Skuldbinding vegna endurvinnslustöðva	12	215.644.689	191.280.198
Skuldbindingar		<u>273.166.814</u>	<u>238.411.824</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	10	262.157.729	327.840.631
Langtímaskuldir		<u>262.157.729</u>	<u>327.840.631</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		317.417.582	142.453.149
Ýmsar skammtímaskuldir		112.415.071	150.593.192
Næsta árs afborganir langtímaskulda	10	74.252.412	83.513.119
Skammtímaskuldir		<u>504.085.065</u>	<u>376.559.460</u>
Skuldir samtals		<u>1.039.409.608</u>	<u>942.811.915</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>3.232.900.507</u>	<u>2.717.680.786</u>
Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar	13		

Sjóðstreymi ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Handbært fé frá rekstri			
Frá rekstri:			
Hagnaður af reglulegri starfsemi		418.622.028	416.612.569
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	2, 6	148.413.718	138.587.498
Sölutap (hagnaður) fastafjármuna		402.357	355.286
Áhrif hlutdeildarféлага	7	(922.192)	(1.002.794)
		<u>566.515.911</u>	<u>554.552.559</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)		(304.987.913)	(63.065.056)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)		136.932.972	38.543.589
		<u>(168.054.941)</u>	<u>(24.521.467)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>398.460.970</u>	<u>530.031.092</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfest í Gufunesi	6	(84.983.075)	(65.567.879)
Fjárfest í Álfsnesi og svæðisáætlun	6	(173.229.040)	(150.542.971)
Fjárfest í endurvinnslustöðvum	6	(70.297.324)	(29.892.629)
Söluverð fastafjármuna		1.396.774	244.714
Breyting bundinna innstæðna		(8.279.947)	(6.946.858)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(335.392.612)</u>	<u>(252.705.623)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Ábyrgðargjald v/urðunarstaða		8.801.300	7.038.163
Greiddar afborganir langtímalána		(80.320.100)	(81.896.292)
Breyting á skuldbindingu endurv.stöðva		42.609.629	43.857.495
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(28.909.171)</u>	<u>(31.000.634)</u>
Hækkun á handbæru fé		34.159.187	246.324.835
Handbært fé í byrjun ársins		<u>875.174.161</u>	<u>628.849.326</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>909.333.348</u>	<u>875.174.161</u>

Skýringar

Starfsemi

1. Fyrirtækið er skráð undir nafninu SORPA bs. í fyrirtækjaskrá og þjóðskrá.

Byggðasamlagið heitir SORPA bs. sem stendur fyrir Sorpeyðingu höfuðborgarsvæðisins byggðasamlag. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Það er stofnað í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum (nr. 45/1998) um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna.

Tilgangur byggðasamlagsins er að annast meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr. 55/2003 fyrir sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem öll eru stofnaðilar að því.

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í meginatriðum eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Við gerð ársreiknings ber stjórnendum samlagsins að meta ýmsa liði ársreiknings. Matsaðferðirnar byggja á góðri reikningsskilavenju. Endanleg niðurstaða sem verður við innlausn eða sölu þeirra liða, sem metnir voru, getur orðið önnur en niðurstaða mats stjórnenda.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samlagsins.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok ársins. Verðbætur og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samlaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundruðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til að niðurlagsverði er náð. Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Gufunes, móttökustöð	5 - 25 ár
Álfsnes	5 - 10 ár
Vélar og tæki	5 - 9 ár
Endurvinnslustöðvar	0 - 25 ár

Leigðar eignir

Leigusamningar, sem eru með þeim skilmálum að efnislega öll áhætta og ávinningur sem fylgja eignarhaldi á hinum leigðu eignum færast yfir til samlagsins, eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar. Við upphaflega skráningu í bókhaldi eru eignirnar færðar á gangvirði eða núvirði lágmarksleigugreiðslna, hvort sem lægra reynist. Á síðari reikningsskiladögum eru eignirnar færðar samkvæmt þeirri reikningsskilaaðferð sem gildir um viðkomandi eignir.

Aðrir leigusamningar teljast til rekstrarleigusamninga og eru hinar leigðu eignir ekki færðar til eignar.

Eignarhlutir í félögum

SORPA bs. á 100% eignarhlut í Metan ehf. Færð er hlutdeild í tekjum ársins en ekki eru gerð samstæðureikningsskil þar sem það hefur óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag samstæðunnar vegna smæðar sbr. 70 gr. laga nr. 3/2006.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna nam 6,0 millj.kr. í lok ársins. Afskrifaðar tapaðar viðskiptakröfur á árinu námu 1,8 millj.kr.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Rekstrartekjur

3. Rekstrartekjur sundurliðast þannig:

	2016	2015
Móttökugjöld	2.473.030.472	2.037.598.510
Endurvinnsluafurðir	505.506.954	441.328.824
Endurvinnslustöðvar	955.766.749	847.443.955
Grenndargámar	43.246.983	0
Útseld þjónusta	56.758.592	43.831.971
Aðrar tekjur	3.065.382	12.763.048
Nytjamarkaður	342.488.999	295.359.026
Vinna milli deilda - eigin not	(1.054.307.705)	(864.167.217)
	<u>3.325.556.426</u>	<u>2.814.158.117</u>

Rekstrargjöld

4. Rekstrargjöld sundurliðast þannig:

	2016	2015
Yfirstjórn og sameiginlegur kostnaður	168.580.643	155.333.134
Þróunar-, tækni- og fræðsludeild	144.978.364	126.128.001
Móttöku- og urðunarkostnaður	2.318.949.785	1.844.534.555
Grenndargámar	43.246.983	0
Rekstur útleigðs húsnæðis	4.583.140	5.200.191
Nytjamarkaður	342.488.999	295.359.026
Rekstur endurvinnslustöðva	955.766.749	847.443.955
Vinna milli deilda - eigin not	(1.054.307.705)	(864.167.217)
	<u>2.924.286.958</u>	<u>2.409.831.645</u>

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld sundurliðast þannig:

	2016	2015
Vaxtatekjur og verðbætur	31.922.437	23.803.167
Vaxtagjöld og verðbætur	(10.275.379)	(11.935.662)
Gengismunur	(5.216.690)	(584.201)
Áhrif hlutdeildarféлага	922.192	1.002.794
	<u>17.352.560</u>	<u>12.286.098</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

<i>fjárhæðir í þús. kr.</i>	Gufunes móttökustöð	Álfsnes urðunarstöð svæðisáætlun	Gufunes vélar og tæki	Endurvinnslu- stöðvar	Samtals
Heildarverð 1.1. 2016	1.000.471	993.663	747.484	542.442	3.284.060
Afskrifað áður	(649.371)	(552.991)	(472.437)	(159.128)	(1.833.928)
Bókfært verð í upphafi árs	351.100	440.672	275.046	383.314	1.450.132
Viðbót á árinu	8.146	173.229	76.837	70.297	328.509
Selt og niðurlagt á árinu	0	(1.139)	(660)	0	(1.799)
Afskrifað á árinu	(43.223)	(43.224)	(61.967)	(13.015)	(161.429)
Bókfært verð 31.12. 2016	316.023	569.538	289.256	440.596	1.615.414
Afskriftarhlutföll	4-20%	10-20 %	12-25%	0-4%	
Afskriftir færast eftirfarandi:					
Í rekstur					148.414
Til lækunar á skuldbindingu vegna endurvinnslustöðva					13.015
					<u>161.429</u>

Opinbert mat fasteigna í desember 2016 skiptist þannig í þús. kr.:

	Fasteignamat 31/12 2016	Brunabótamat 31/12 2016	Bókfært verð 31/12 2016
Gufunes, móttökustöð	1.089.070	1.393.050	316.023
Annað	220.325	145.930	885.677
	<u>1.309.395</u>	<u>1.538.980</u>	<u>1.201.700</u>

Vátryggingarverð véla og tækja byggðasamlagsins nam 1.821,9 millj.kr. í lok ársins samkvæmt mati tryggingafélagsins.

Áhættufé í öðrum félögum

7. Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Metan ehf.	100%	47.000.000	23.790.843
		<u>47.000.000</u>	<u>23.790.843</u>

Eigið fé

8. Stofnfé sundurliðast þannig:

	Stofnfé	
Reykjavíkurborg	66,7%	224.723.250
Kópavogur	11,3%	38.037.800
Hafnarfjörður	10,7%	36.059.363
Garðabær	5,5%	18.456.102
Mosfellsbær	3,0%	10.145.453
Seltjarnarnes	2,8%	9.540.601
	<u>100,0%</u>	<u>336.962.569</u>

9. Breytingar á eigin fé SORPU bs. greinast þannig:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2016	336.962.569	1.437.906.302	1.774.868.871
Hagnaður ársins	0	418.622.028	418.622.028
Eigið fé samtals 31.12. 2016	<u>336.962.569</u>	<u>1.856.528.330</u>	<u>2.193.490.899</u>

Langtímaskuldir

10. Yfirlit um langtímaskuldir:

	Vaxtakjör 31.12. 2016	Eftirstöðvar 31.12. 2016
Íslandsbanki	NVT 4%	108.555.587
Lánasjóður sveitarfélaga	NVT 2,45-3,45%	130.200.830
Eignaleigur	ÓVTR 7,4-7,85%	97.653.724
		<u>336.410.141</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda		<u>(74.252.412)</u>
		<u>262.157.729</u>

Langtímaskuldir greinast þannig :

Skuldir vegna byggðasamlagsins	97.653.724
Skuldir vegna endurvinnslustöðva	238.756.417
	<u>336.410.141</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

	Samtals
Árið 2017	74.252.412
Árið 2018	75.664.922
Árið 2019	63.056.925
Árið 2020	59.112.768
Árið 2021	17.709.634
Afborgun síðar	46.613.480
Langtímaskuldir alls	<u>336.410.141</u>

Skuldbindingar

11. Í samræmi við 11. og 31. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 10 gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, tók stjórn SORPU bs. ákvörðun um að leggja á sérstakt gjald á urðaðan úrgang til að uppfylla ákvæði framangreindra laga og reglugerða um ábyrgð á eftirliti og vöktun með urðunarstaðnum í 30 ár eftir að honum hefur verið lokað. Gjaldið leggst á allan urðaðan úrgang frá 16. júlí 2009 að telja. Ábyrgðin er í samræmi við 17. gr. lið b í reglugerð nr. 738/2003.

Til gjalda á árinu eru færðar 8,8 millj.kr. og nemur skuldbinding vegna ábyrgðar á urðunarstað í lok ársins 57,5 millj.kr.

Húsaleiguskuldbinding SORPU bs. nemur 51,4 millj.kr. í lok ársins.

12. Endurvinnslustöðvar eru í eigu sveitarfélaganna og er færð skuldbinding vegna þeirra í bókum SORPU bs. Á móti lánum sem tekin voru vegna endurvinnslustöðva á SORPA bs. kröfu á hendur sveitarfélögunum og dregst hún frá skuldbindingunni.

Breyting skuldbindingarinnar er eftirfarandi á árinu:

Skuldbinding vegna endurvinnslustöðva í ársbyrjun	383.313.948
Krafa á sveitarfélögin, vegna langtímalána endurvinnslustöðva, í ársbyrjun	(192.033.750)
Afskrift á árinu	(13.015.310)
Vextir og uppreikningur langtímalána	(14.267.837)
Greiðslur frá sveitarfélögunum	51.647.638
	<u>215.644.689</u>

Skuldbindingin sundurliðast þannig:

Endurvinnstustöðvar í árslok	440.595.963
Langtímalán og áfallnir vextir vegna endurvinnslustöðva	(240.314.003)
Lántökur umfram fjárfestingu	15.362.729
	<u>215.644.689</u>

Skuldbindingin skiptist í hlutfalli við íbúafjölda sveitarfélaga þann 1. desember 2016:

Reykjavíkurborg	56,89%	122.682.555
Kópavogur	16,26%	35.063.530
Hafnarfjörður	13,25%	28.576.180
Garðabær	7,04%	15.173.633
Mosfellsbær	4,51%	9.721.075
Seltjarnarnes	2,05%	4.427.716
	<u>100,0%</u>	<u>215.644.689</u>

Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

13. Sveitarfélög sem standa að byggðasamlaginu bera einfalda ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda þeirra.

Eignir samlagsins eru ekki veðsettar aðrar en þær sem keyptar eru með fjármögnunarleigu.

Önnur mál

Laun og launatengd gjöld

14. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2016	2015
Laun	746.988.717	646.795.043
Stjórnarlausn	9.813.474	10.028.642
Launatengd gjöld	189.876.121	171.582.206
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>946.678.312</u>	<u>828.405.891</u>
Ársvekk	107	98

15. Tengdir aðilar eru:

	Seld þjón. & vörur	Keypt þjón. & vörur	Kröfur	Skuldir
Eigendur og dótturfélög þeirra	1.248.790.876	117.143.305	128.685.186	16.504.309
Óuppgeert vegna endurvinnslustöðva	0	0	166.754.224	0
Metan ehf. dótturfélag SORPU bs.	5.235.934	5.661.308	479.500	589.986
	<u>1.254.026.810</u>	<u>122.804.613</u>	<u>295.918.910</u>	<u>17.094.295</u>

16. Eitt mál er varðar SORPU bs. er rekið fyrir dómstólum en um er að ræða skaðbótakröfu Gámaþjónustunnar hf. upp á 105 milljónir kr. auk vaxta og verðbóta en SORPA bs. hefur hafnað þeim kröfum og ekki fært skuldbindingu vegna þessa.

Fylgigögn með ársreikningi 2016

Fimm ára yfirlit samlagsins

17. Fimm ára yfirlit félagsins á verðlagi hvers árs (í þús.kr):

Rekstur	2016	2015	2014	2013	2012
Rekstrartekjur	3.325.556	2.814.158	2.444.433	2.429.393	2.292.468
Rekstrargjöld	(2.775.873)	(2.271.244)	(2.148.451)	(2.184.258)	(2.125.455)
Hagnaður f. afskriftir	549.683	542.914	295.982	245.135	167.014
Afskriftir	(148.414)	(138.587)	(149.811)	(140.713)	(139.961)
Hagnaður f. fjárm.liði	401.269	404.326	146.171	104.422	27.052
Fjármagnsliðir	17.353	12.286	50.449	(7.756)	(5.291)
Hagnaður ársins	418.622	416.613	196.620	96.666	21.761
Efnahagur	2016	2015	2014	2013	2012
Fastafjármunir	1.694.433	1.518.360	1.417.420	1.375.280	1.392.943
Veltufjármunir	1.538.468	1.199.321	889.931	591.740	496.196
Eignir samtals	3.232.901	2.717.681	2.307.351	1.967.021	1.889.138
Eigið fé	2.193.491	1.774.869	1.358.256	1.161.637	1.305.654
Skuldbindingar	273.167	238.412	209.574	185.812	0
Langtímaskuldir	262.158	327.841	401.420	322.461	227.945
Skammtímaskuldir	504.085	376.559	338.101	297.111	355.539
Eigið fé og skuldir samtals	3.232.901	2.717.681	2.307.351	1.967.021	1.889.138
	2016	2015	2014	2013	2012
18. Veltufjárhlutfall	3,05	3,18	2,63	1,99	1,40
Eiginfjárhlutfall	67,85%	65,31%	58,87%	59,06%	69,11%
Arðsemi eigin fjár	21,10%	26,59%	15,61%	7,84%	1,70%
Skuldsetningarhlutfall.....	11,95%	18,47%	29,55%	27,76%	15,67%
Ársverk.....	107	98	94	90	89



Borgarráð
Ráðhúsið Reykjavíkur

Málsnr.: R17010082
Skjalasafn Ráðhúss
07. mars 2017
Bréfalykill: 5252

Efni: Skýrsla samkvæmt 37. gr. Innkaupareglina Reykjavíkurborgar
Um er að ræða lögstjóðendur nema annað sé tekið fram.

Yfirlit yfir verkefni Innkaupadeildar f.h. Eignasjóðs Reykjavíkurborgar í febrúar 2017

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Samnings- verð	Kostnaðar- áætlun	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Perlan Öskjuhlíð - Milligólf 2. hæð	Ponio ehf	109.943.217	130.453.300	Verksamn. / verkl. 15.4.17	Útboð	Innkauparáð
Perlan Öskjuhlíð - Lyftur	Kone ehf	28.700.000	17.300.000	Samn. / samn.lok 26.5.17	Útboð	Eignasjóður

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar Reykjavíkurborgar í febrúar 2017

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samningsaðili	Áætl. velta á ársgrundvelli	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Ferskt grænmeti og ávextir	Bananas ehf, Ekran ehf, Hollt og Gott ehf, Innnes ehf, Kartöfluverksmiðja Þykkva- bæjar hf, Mata hf, Stórkaup	150 m.kr.	Rammasamn. / samn.lok 27.2.2018	Útboð - Loka framlenging	Innkauparáð

Yfirlit yfir verkefni Innkaupadeildar f.h. mannauðsdeildar Reykjavíkurborgar í febrúar 2017

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Samnings- verð	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Hóp- og heilsuefning fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar	Goodlifeme ehf	11.581.600	Samn. / samn.lok 1.3.2018	Forval / Samkeppnis- viðræður	Innkauparáð

Guðbjörg Eggertsdóttir
Guðbjörg Eggertsdóttir
innkaupadeild Reykjavíkurborgar

Fundur nr. 155

Ár 2017, föstudaginn 10. mars kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman til fundar í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 09:00.

Mættir:

Dagur B. Eggertsson
Lif Magneudóttir
Þórlaug Ágústsdóttir
Ólafur Adolfsson
Björgvin Helgason
Magnús Smári Snorrason
Marta Guðjónsdóttir

Varafulltrúi: Elsa Hrafnhildur Yoeman

Auk þess sátu fundinn: Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri, Vignir Albertsson, skipulagsfulltrúi, Hildur Gunnlaugsdóttir, skipulagsfulltrúi og Gísli Gíslason, hafnarstjóri, sem jafnframt ritar fundargerð.

1. Ársreikningur Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2016 ásamt skýrslu endurskoðenda, umsögn Endurskoðunarnefndar og greinargerð hafnarstjóra. Ársreikningur Vatnsveitufélags Hvalfjarðar 2017.
Mættir á fundinn voru Sigurður Rúnar Pálsson frá KPMG, Auður M. Sigurðardóttir, fjármálastjóri Faxaflóahafna sf. og Ólafur Kristinsson formaður endurskoðunarnefndar. Lög fram greinargerð hafnarstjóra, umsögn endurskoðunarnefndar og endurskoðunarskýrsla. Hafnarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi ársreikning. Ársreikningur vatnsveitufélagsins lagður fram.
2. Bréf Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. og Spalar ehf. um aðalfund félagsins föstudaginn 17. mars n.k. Ársreikningar félagsins fyrir árið 2016. Drög að skýrslu stjórnar.
Lagt fram. Hafnarstjóra falið að fara með umboð Faxaflóahafna sf. á fundinum.
3. Tilnefning tveggja fulltrúa í forvalsnefnd vegna samkeppni um listaverk og þriggja fulltrúa í dómnefnd.
Hafnarstjóra falið að tilkynna SÍM tilnefningu tveggja fulltrúa í forvalsnefnd. Hafnarstjórn samþykkir að skipa Lif Magneudóttur (formaður), Hildi Gunnlaugsdóttur og Ólöfu Nordal í dómnefnd verkefnisins. Vignir Albertsson, skipulagsfulltrúi verði til ráðgjafar við framkvæmd verkefnisins.
4. Lóðamál Sævarhöfða 33.
Hafnarstjóri greindi frá viðræðum við Reykjavíkurborg um stöðu mála á Sævarhöfða 33.
5. Gjaldskrármál.
Hafnarstjóri fór yfir atriði varðandi innheimtu bryggju- og lestargjalda.
6. Erindi Akraneskaupstaðar dags. 6.3. þar sem erindi LIBRA lögmannna ehf. dags. 14.2.2017 er framsent Faxaflóahöfnum sf., en þar er óskað eftir upplýsingum og



gögnum vegna sölu lands Faxaflóahafna sf. í Geldinganesi og Gufunesi til Reykjavíkurborgar.

Hafnarstjóra falið að svara erindinu.

7. Viti við Sæbraut. Minnisblað frá Umhverfis- og skipulagssviði ásamt niðurstöðu umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. 12.2017.
Lagt fram. Hafnarstjóra falið að ræða við skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar um framkvæmd verkefnisins og skiptingu kostnaðar.
8. Drög að samkomulagi Faxaflóahafna sf. við Slysavarnafélagið Landsbjörg, Björgunarbátasjóð Reykjavíkur, Björgunarsveitina Ársæll, Björgunarsveitina Kjöl, Björgunarfélag Akraness og Björgunarsveitin Brák um stuðning og samstarf.
Hafnarstjórn samþykkir samninginn.
9. Landnotkunarskilmálar í miðborgarkjarna. Erindi til umsagnar.
Hafnarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirleggjandi skilmála.
10. Bréf Umhverfissvaktarinnar við Hvalfjörð dags. 14.2.2017 vegna ályktunnar um umhverfisstefnu Faxaflóahafna sf.
Hafnarstjóra falið að svara eindunum.

11. Forkaupsréttarmál:

- a. Erindi Fasteignamarkaðarins ehf. dags. 8. febrúar 2017, varðandi beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti að eignarhluta að Fiskislóð 45 fastanr. 231-2210. Kaupandi AVP ehf., kt. 510309-0730. Seljandi Ragnar Þórisson.
- b. Erindi Fasteignamarkaðarins dags. 8. febrúar 2017, varðandi beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti að eignarhluta að Fiskislóð 45 fastanr. 231-2210. Kaupandi Elva Ósk Ólafsdóttir kt. 240864-3639. Seljandi AVP ehf., kt. 510309-0730.
- c. Erindi Eignamiðlunar dags. 8. febrúar 2017, varðandi beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti að eignarhluta í Eyjarslóð 9 fastanr. 200-0087. Kaupandi Fossar ehf., kt. 511193-2149. Seljandi Ívar Gissurarson kt. 230453-3229 og Steingrímur Steinþórsson kt. 150151-3339.
- d. Erindi Eignamiðlunar dags. 8. febrúar 2017, varðandi beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti að eignarhluta að Eyjarslóð 9 fastanr. 224-7089. Kaupandi T8 kt. 520614-0280. Seljandi Hífandi ehf. kt. 570108-1310.
- e. Erindi Eignamiðlunar ehf. dags. 22. Febrúar 2017, varðandi beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti að eignarhluta að Eyjarslóð 7 fastanr. 200-0091. Kaupandi Efniviður ehf., kt. 680704-2950. Seljandi Hífandi ehf., kt. 570108-1310.

Hafnarstjórn staðfestir að fallið sé frá forkaupsrétti með venjulegum fyrirvara um að starfsemi falli innan ramma lóðarleigusamnings og deiliskipulags. ÓÁ situr hjá við afgreiðslu liða a og b.

12. Bréf umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 16. febrúar 2017, varðandi tillögu að skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag Bryggjuhverfis vestur- svæði 4.
Lagt fram.
13. Önnur mál.
Hafnarstjóri greindi frá því að undirrituð hefði verið yfirlýsing Artic commitment um bann við notkun svartolíu í Norðurhöfum. Yfirlýsingin er í samræmi við stefnu og samþykkt Faxaflóahafna sf. í loftslagsmálum.

Skýrsla um starfsemi og skipulag á Grundartanga lögð fram.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 10:15

[Handwritten signature]
Esa Jensen

[Handwritten signature]
Sigríður Gunnarsdóttir

[Handwritten signature]
Dagbjörg Elvín
Þórlaug Ágústsdóttir

[Handwritten signature]
Magnus Sveinsson
Sara Cecilia Guðmundsdóttir

[Handwritten signature]
Sigrún Albertsdóttir

[Handwritten signature]
Finn Þorvaldsson

[Handwritten signature]
Björgun Halgadóttir

[Handwritten signature]
Guðrún

[Handwritten signature]
Marta Guðjónsdóttir

Linda Sif Sigurðardóttir

Frá: Borgarstjórinn í Reykjavík
Sent: 10. mars 2017 10:55
Til: Ráðhús skjalasafn
Efni: FS: Landsþing sambandsins - boðun áheyrnarfulltrúa
Viðhengi: 01_Dagskrá landsþings - 2017.pdf; 02_Áfangaskýrsla starfshóps um heildarendurskoðun sam.pdf; 03_Vinnuskjal til stjórnar 24.pdf; 04_Bókanir fyrri landsþinga.pdf

Til skráningar í GoPro, takk fyrir.

Með kveðju,

Sigurlaug

From: Magnús Karel Hannesson [<mailto:magnus@samband.is>]
Sent: 9. mars 2017 16:33
To: Borgarstjórinn í Reykjavík
Subject: Landsþing sambandsins - boðun áheyrnarfulltrúa

Boðun á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga

Til fulltrúa á landsþingi sambandsins með málfrelsi og tillögurétti, samkv. 8. gr. samþykktu sambandsins, þ.e. stjórnarmenn í sambandinu sem eigi eru kjörnir fulltrúar síns sveitarfélags, bæjar- og sveitarstjórar, formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga.

XXXI. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga verður haldið föstudaginn 24. mars nk. í Gullteigi á Grand hóteli við Sigtún í Reykjavík.

Þingið verður sett kl. 10 árdegis með ávarpi formanns sambandsins, Halldórs Halldórssonar, en skráning og afhending gagna hefst kl. 9:20. Stefnt er að því að þinginu ljúki um kl. 15:45 síðdegis.

Meðfylgjandi er dagskrá landsþingsins, ásamt dagskrá aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem hefst strax að loknu landsþinginu.

Meginumræðuefni landsþingsins verða þessi:

1. Stefnumörkun sambandsins 2014–2018 – árangursmat.
2. Endurskoðun samþykktu sambandsins.
3. Efling sveitarstjórnarstigsins.

Umræður um einstaka þætti fara fram á borðum og í almennum umræðum.

Kl. 13:30 mun Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, ávarpa landsþingið.

Á fundi stjórnar sambandsins 24. febrúar sl. var samþykkt að leggja áfangaskýrslu og tillögur starfshóps um heildarendurskoðun samþykka sambandsins fyrir XXXI. landsþing sambandsins til umfjöllunar og afgreiðslu. Jafnframt var starfshópnum falið að starfa áfram og fjalla um frekari breytingar á samþykktunum, sem reifaðar eru í áfangaskýrslu hópsins, og skila niðurstöðum eins fljótt og verða má.

Meðfylgjandi eru áfangaskýrsla og tillögur starfshóps um heildarendurskoðun samþykka sambandsins, sem landsþingsfulltrúar eru hvattir til að kynna sér gaumgæfilega fyrir landsþingið.

Gögn um stefnumörkun sambandsins verða send landsþingsfulltrúum í næstu viku.

Fulltrúar á landsþinginu eru vinsamlega beðnir um að skrá sig sem allra fyrst á vef sambandsins hér <http://www.samband.is/um-okkur/landstthing-sambandsins/landstthing-2017/> eða í síðasta lagi mánudaginn 20. mars nk.

Virðingarfyllt,

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson

framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi: 01 Dagskrá XXXI. landsþings.

02 Áfangaskýrsla starfshóps um heildarendurskoðun samþykka sambandsins.

03 Tillögur starfshóps um breytingar á samþykktum sambandsins.

04 Samþykktir fyrri landsþinga um endurskoðun samþykka.

XXXI. landsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga

haldið í Grand hóteli í Reykjavík

24. mars 2017

DAGSKRÁ



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

2017

Landsþing sambandsins

Grand h6tel í Reykjavík - Gullteigur

- Kl. 09:20–10:00 Skráning þingfulltrúa og afhending gagna
- Kl. 10:00–10:25 1. **Þingsetning**
Halld6r Halld6rsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Kl. 10:25–10:30 2. **Kosning þingforseta, ritara og kj6rbr6fanefndar**
- Kl. 10:30–10:35 3. **Kj6r varamanns**
Kj6r varamanns í Norðausturkj6rdæmi í stað Kristínar Gestsdóttur, sbr. 7. mgr. 13. gr. samþykktar sambandsins.
- Kl. 10:35–12:00 4. **Stefnum6rkun sambandsins 2014–2018**
Árangursmat stefnum6rkunar.
Karl Bj6rnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Umræður á borðum og þingfulltrúar bregðast við og kynna sjónarmið í almennum umræðum.
- Kl. 12:00–13:00 H Á D E G I S H L É
- Kl. 13:00–13:10 5. **Álit kj6rbr6fanefndar**
- Kl. 13:10–13:30 6. **Till6gur um breytingar á samþykktum sambandsins**
Áslaug M. Friðriksdóttir, borgarfulltrúi og fulltrúi í vinnuh6pi stjórnar.
- Kl. 13:30–13:50 7. **Ávarp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra**
Jón Gunnarsson, ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála.
- Kl. 13:50–15:15 8. **Efling sveitarstjórnarstigsins**
Eyrún Ingibjörg Ingadóttir og Aldís Hafsteinsdóttir, fulltrúar í verkefnisstjórn sem hefur það hlutverk að greina sveitarstjórnarstigið og skilgreina tækifæri og leiðir til að styrkja það, gera grein fyrir verkefninu.
Umræður á borðum og þingfulltrúar bregðast við og kynna sjónarmið í almennum umræðum.
- Kl. 15:15–15:35 9. **Samþykktir sambandsins**
Umræður og afgreiðsla tillagna.
- Kl. 15:35–15:45 10. **Þingslit**
Halla Sigríður Steinólfsdóttir, varaformaður sambandsins.

K A F F I V E I T I N G A R

Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Grand hótél í Reykjavík - Gullteigur



Vakin er athygli á því, að allir sveitarstjórnarmenn eiga rétt á að sækja aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., skv. hlutafélagalögum nr. 2/1995.

Kl. 16:00

1. Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur 2016 lagður fram til afgreiðslu.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs.
5. Kosning stjórnar, skv. 15. gr. samþykktá lánasjóðsins.
6. Breytingar á samþykktum félagsins vegna málsvarnarsjóðs.
7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
8. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
9. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra.
10. Önnur mál.

Móttaka fyrir aðalfundarmenn og landsþingsfulltrúa að fundi loknum í boði Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Úr samþykktum sambandsins

Hlutverk sambandsins er:

- Að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi.
- Að þjóna sveitarfélögum á sviði vinnumarkaðsmála, annast kjarasamningsgerð og hafa fyrirvar í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita umboð sitt til þess, hafa frumkvæði að rannsóknum og sinna upplýsingagjöf til sveitarfélaga um kjaramál.
- Að vera fulltrúi íslenskra sveitarfélaga gagnvart ríkisvaldinu og öðrum innlendum aðilum, eftir því sem við á.
- Að vera fulltrúi íslenskra sveitarfélaga gagnvart erlendum samtökum um sveitarstjórnarmál, alþjóðastofnunum og öðrum þeim aðilum erlendis, er láta sig sveitarstjórnarmálefni skipta.
- Að vinna að almennri fræðslu um sveitarstjórnarmál með ráðstefnu-, námskeiða- og fundahaldi og útgáfu- og upplýsingastarfsemi fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga.

Landsþing hefur æðsta vald í málefnum sambandsins. Það kemur saman árlega, að jafnaði í mars eða apríl. Á því ári sem almennar sveitarstjórnarkosningar eru haldnar skal landsþing þó haldið í september eða október. Stjórn sambandsins boðar til landsþings og ákveður þingstað og tímasetningu.

Að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir fulltrúa á landsþing og gildir sú kosning fyrir kjörtímabil sveitarstjórnar. Um fjölda aðalfulltrúa á landsþingi gildir eftirfarandi:

- Sveitarfélag með allt að 1.000 íbúa kýs 1 fulltrúa.
- Sveitarfélag með 1.001 til 3.000 íbúa kýs 2 fulltrúa.
- Sveitarfélag með 3.001 til 5.000 íbúa kýs 3 fulltrúa.
- Sveitarfélag með 5.001 til 10.000 íbúa kýs 4 fulltrúa
- Sveitarfélag með fleiri en 10.000 íbúa kýs einn fulltrúa fyrir hvert byrjað tugþúsund íbúa umfram 10.000 til viðbótar hinum fjórum.

Íbúafjöldi samkvæmt þessari grein skal miðaður við 1. janúar á því ári sem almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram. Notaðar skulu mannfjöldatölur skv. skráningu Hagstofu Íslands. Verði breyting á sveitarfélagaskipan frá 1. janúar fram til sveitarstjórnarkosninga, skal laga íbúafjöldann að þeirri breytingu.

Varafulltrúar á landsþingi skulu kosnir jafnmargir og aðalfulltrúar. Kosning fulltrúa fer eftir sömu reglum og gilda um kosningu nefnda skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga, annarra en byggðarráðs.

Kjörgengir sem fulltrúar á landsþingi eru nýkjörnir aðalmenn í sveitarstjórnnum og varamenn þeirra jafnmargir að tölu, hvort sem varamaður í sveitarstjórn hefur verið kjörinn sérstaklega við óbundnar kosningar eða hann fær kjörbréf vegna setu á framboðslista við bundnar hlutfallskosningar.

Að kosningu lokinni, í síðasta lagi 1. ágúst, sendir sveitarfélagið skrifstofu sambandsins kjörbréf með nöfnum þeirra sem hafa verið kjörnir fulltrúar og varafulltrúar.

Stjórnarmenn sem eigi eru kjörnir fulltrúar eiga rétt til setu á landsþingi með málfrelsi og tillögurétti.

Ennfremur eiga framkvæmdastjórnar sveitarfélaga, þ.e. bæjar- og sveitarstjórnar, auk formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga rétt til setu á landsþingi með málfrelsi og tillögurétti.



Minnisblað

Móttakandi: Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga Dags.: 20. febrúar 2017

Sendandi: Starfshópur um heildarendurskoðun samþykktar sambandsins Málsnr.: 1604013SA

Málalykill: 00.01

Efni: Áfangaskýrsla starfshóps um heildarendurskoðun samþykktar sambandsins

1. Hlutverk og skipun starfshópsins

Starfshópur sem stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga skipaði 27. maí 2016 til að endurskoða samþykktir sambandsins, sem samþykktar voru á landsþingi sambandsins árið 2010, hefur komið saman til tveggja vinnufunda til þess að fara yfir mögulegar breytingar á samþykktunum.

Í starfshópnum voru skipuð Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerðisbæ og stjórnarmaður í sambandinu, Áslaug María Friðriksdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavíkurborg, Halla Sigríður Steinólfsdóttir, sveitarstjórnarmaður í Dalabyggð og varaformaður sambandsins, Páll Magnússon, bæjarritari í Kópavogsbæ, og Stefán Bogi Sveinsson, bæjarfulltrúi í Fljótshálsa. Þá var sviðsstjórnunum Guðjóni Bragasyni og Magnús Karel Hannessyni falið að starfa með hópnum. Páll Magnússon er í leyfi frá störfum sínum fyrir Kópavogsbæ og tók Pálmi Músson bæjarlögmaður í Kópavogi sæti hans í starfshópnum.

Til undirbúnings fyrir fundina höfðu starfshópnum verið send gögn um verkefnið, þar á meðal svohljóðandi ályktanir landsþinga sambandsins:

Landsþing 2014:

Stjórn sambandsins verði falið að endurskoða samþykktir þess, sérstaklega fyrirkomulag við kosningu stjórnar, og leggja fram tillögu á næsta landsþingi.

Landsþing 2015:

XXIX. landsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga, sem haldið er í Kópavogi þann 17. apríl 2015, felur stjórn sambandsins að skipa starfshóp til að vinna að mótun tillagna um heildarendurskoðun samþykktar sambandsins. Tillögur starfshópsins verði lagðar fram til umfjöllunar á landsþingi árið 2017.

Þá fékk starfshópurinn til undirbúnings fyrir fundina afrit af erindi frá Sigrúnu H. Pálsdóttur, bæjarfulltrúa í Mosfellsbæ, með tillögu um breytingu á 8. gr. samþykktanna, ásamt minnisblaði sviðsstjóra sambandsins um erindið.

Megingrundvöllur fyrir umfjöllun starfshópsins var síðan vinnuskjal með heildaryfirferð um samþykktirnar, sem unnið var af sviðsstjórnunum Guðjóni Bragasyni og Magnúsi Karel Hannessyni. Uppfært eintak af því vinnuskjali, með tillögum starfshópsins um breytingar á samþykktum, sem hægt væri að leggja fyrir landsþingið 24. mars nk. fylgir þessari áfangaskýrslu.

2. Helstu breytingar sem starfshópurinn leggur til

Lagðar eru til breytingar á 2. gr., um hlutverk sambandsins. Þær tillögur byggjast á gildandi stefnumörkun sambandsins en einnig er lögð áhersla á að greinin endurspegli það hlutverk sem sambandið gegnir gagnvart landshlutasamtökum sveitarfélaga og öðrum samvinnuverkefnum sveitarfélaga, þ. á m. samtökum sveitarfélaga á borð við Hafnasamband Íslands, Samtök orkusveitarfélaga, Samtök sjávarútvegssveitarfélaga og Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum.

Í 6. gr. um dagskrá landsþings voru lagðar til nokkrar breytingar:

- Í stað „Lagabreytingar“ í j-lið kemur: Breytingar á samþykktum.
- e-liður (þriggja ára áætlun) fellur brott. Þessi breyting hefur áhrif á fleiri greinar samþykktanna.
- k-liður (önnur mál) fellur brott.
- m-liður (skoðunarmenn) fellur brott. Þessi breyting hefur áhrif á fleiri greinar samþykktanna.
- lagt er til að kjörnefnd¹ og kjörbréfanefnd verði kjörnar á hverju landsþingi og að nefndirnar komi saman í aðdraganda næsta landsþings þegar tilefni er til.
- lögð er til orðalagsbreyting varðandi stjórnarkjör þannig að skýrt sé að sá liður getur verið á dagskrá á öllum landsþingum ef kjósa þarf nýjan aðal- eða varamann.

Starfshópurinn leggur til að við 3. mgr. 9. gr. bætist nýtt ákvæði um að þeir sem taka sæti í kjörnefnd eru ekki kjörgengir til að vera aðal- eða varamenn í stjórn sambandsins. Ef kjörnefndarmaður hyggst sækjast eftir sæti í stjórn verður hann að segja sig úr kjörnefnd áður en nefndin kemur saman til fyrsta fundar til að undirbúa stjórnarkjör á landsþingi.

Í 9. gr. leggur starfshópurinn einnig til að ákvæði um að kjörnefnd hafi samráð við þingfulltrúa af hverju kjörsvæði falli brott. Starfshópurinn telur eðlilegra að slík samráðsskylda komi fram í erindisbréfi eða starfsreglum kjörnefndar, á sama hátt og settar verði reglur um þau sjónarmið sem byggja skuli á í vinnu kjörnefndar.² Einnig telur starfshópurinn rétt að leggja til að setja í erindisbréf eða starfsreglur kjörnefndar ákvæði um að kjörnefnd skuli tímanlega kalla eftir framboðum eða ábendingum frá sveitarstjórnarmönnum, þannig að þeim sem hafa áhuga á að taka sæti í stjórn gefist færi á því að koma sér á framfæri við kjörnefndina.

Lagt er til að 11. gr. um skoðunarmenn falli brott, í ljósi þess að ekki er lengur ákvæði í sveitarstjórnarmönnum um skoðunarmenn.

¹ Ef stjórn sambandsins er sammála tillögum starfshópsins um breytingar á 6. gr., um að kjörnefnd verði kosin á landsþingi þarf að gera ráð fyrir kosningu nefndarinnar á landsþinginu 24. mars nk.

² Þar er einkum átt við að kjörnefnd gæti þess að tillögur um skipun stjórnar endurspegli eins og frekast er unnt niðurstöðu nýliðinna sveitarstjórnarkosninga og að hlutfall kynja í stjórn verði sem jafnast.

Starfshópurinn leggur til að heiti **13. gr.** breytist og verði *Missir kjörgengis og leyfi frá trúnaðarstörfum*. Auk orðalagsbreytinga sem fram koma í vinnuskjali leggur starfshópurinn til nýja málsgrein, svohljóðandi:

Stjórnarmenn, nefndarmenn og landsþingsfulltrúar sem eru í tímabundnu leyfi frá störfum í sveitarstjórn eða hjá sveitarfélagi, svo sem vegna fæðingarorlofs, eru jafnframt í leyfi frá trúnaðarstörfum samkvæmt samþykktum þessum.

Að álitum starfshópsins er tilefni til þess að setja skýrar reglu í samþykktirnar um þetta atriði.

Starfshópurinn leggur til að 2. málslíður 1. mgr. **14. gr.**, um að stjórnin sé í forsvari fyrir sambandið út á við og beri ábyrgð á fjárreiðum þess, falli brott. Að álitum starfshópsins endurspeglar ákvæðið ekki raunverulegt hlutverk stjórnar. Það er fyrst og fremst formaður sambandsins, ásamt framkvæmdastjóra, sem er í forsvari fyrir það. Þá telur starfshópurinn að það felist í 1. málslíðu 1. mgr., þar sem segir að stjórnin fer með yfirstjórn sambandsins milli landsþinga, að stjórnin fari með ábyrgð á fjárreiðum þess.

Einnig leggur starfshópurinn til að í 3. mgr. **14. gr.** bætist skýrari texti um ráðgefandi nefndir og starfshópa sem stjórn sambandsins skipar.

15. gr. fjallar um framkvæmdastjóra og starfslíð og er mjög knöpp, m.a. um skyldur framkvæmdastjóra. Með hliðsjón af **55. gr.** sveitarstjórnarlaga leggur starfshópurinn til nokkuð ítarlegra ákvæði um hlutverk framkvæmdastjóra í 2. og 3. mgr.

3. Hugmyndir um breytingar á einstökum greinum sem þarfnast frekari skoðunar

Starfshópurinn telur á þessu stigi ekki tímabært að leggja fyrir landsþing sambandsins tillögur um mögulegar breytingar á eftirtöldum greinum samþykktanna, en telur hins vegar mikilvægt að fram fari umræða í stjórn sambandsins um þær:

- a. **9. gr.** sem fjallar um kjörnefnd. Á 1. fundi starfshópsins kom fram hugmynd um að lagt verði til að formaður sambandsins verði kosinn beinni kosningu áður en landsþing fer fram að loknum sveitarstjórnarkosningum. Niðurstaða formannskjörs liggi því fyrir áður en gengið er til stjórnarkjörs á landsþingi. Töluverð umræða varð um hvort eingöngu landsþingsfulltrúar eða allir aðalmenn í sveitarstjórnnum ættu að hafa kosningarétt við formannskjör. Hallast starfshópurinn að hinu síðarnefnda enda er formaður sambandsins málsvári allra sveitarfélaga.
 - a. Ef vilji er til þess af hálfu stjórnar telur starfshópurinn æskilegt að hugmyndin verði kynnt á landsþingi 24. mars en án þess að fram verði lögð formleg tillaga um þá breytingu á landsþinginu.
- b. **10. gr.** um kosningu stjórnar sambandsins, einkum í þeim tilgangi að setja skýrari reglu um málsmeðferð ef fram koma breytingartillögur við tillögur kjörnefndar. Starfshópurinn gerir á þessu stigi ekki tillögu um breytingar á **10. gr.** Er þá einkum átt við að ef breytingartillaga er samþykkt hafi það ekki áhrif á kynjahlutföll í stjórninni, þannig að fari í bága við jafnréttislög. Erfiðara er hins vegar að koma í veg fyrir að

samþykkt breytingartillögu hafi þau áhrif að skipting stjórnarsæta endurspegli ekki fyllilega úrslit sveitarstjórnarkosninga. Starfshópurinn óskar eftir því að fá lengri tíma til þess að fjalla um þetta álitæfni, samhliða skoðun á því að breyta ákvæðum samþykktanna um formannskjör.

- c. 13. gr. um kjörgengi stjórnarmanna. Starfshópurinn telur vert að skoða nánar hvort tilefni er til þess að setja í samþykktirnar reglu um að alþingismenn og ráðherrar séu ekki kjörgengir til setu í stjórn sambandsins, sbr. 13. gr.
- d. Þá telur starfshópurinn vert að skoðað verði að setja sérstakt ákvæði um hlutverk formanns sambandsins, sem kæmi á eftir 14. gr. um hlutverk stjórnar.

4. Önnur atriði sem starfshópurinn ræddi

Rætt var um 5. gr., um fjölda landsþingsfulltrúa miðað við íbúafjölda. M.a. var rætt um hvort tilefni væri til þess að setja hámark á fulltrúafjölda skv. 5. tl. 1. mgr. þannig að sveitarfélag fái aldrei fleiri landsþingsfulltrúa en sem nemur fjölda aðalmanna í sveitarstjórn. Ekki reyndist vera samstaða um að leggja til slíka breytingu. Einnig var rætt um að gildandi ákvæði tryggir fámennum sveitarfélögum tiltölulega mikil áhrif á landsþingum miðað við íbúafjölda þeirra.

Niðurstaða: Ekki er lögð til breyting á greininni en umræðu verður getið í minnisblaði starfshópsins til stjórnar sambandsins.

Tillaga Sigrúnar H. Pálsdóttur um breytingu á 8. gr., um áheyrnarfulltrúa á landsþingum, var rædd í starfshópnum. Tillagan er svohljóðandi: Á eftir 1. mgr. 8. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Framboð sem eiga fulltrúa í sveitarstjórn en ná því ekki að fá kjörinn fulltrúa á landsþing samkvæmt 5. gr. eiga rétt til að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa til setu á landsþingi með tillögurétt og málfrelsi.

Starfshópurinn mælir ekki með því að áheyrnarfulltrúum á landsþingi verði fjölgað. Starfshópurinn telur ástæðu til þess að áréttað verði í minnisblaði til stjórnar að landsþing eru fulltrúasamkomur, þar sem eðli máls samkvæmt er takmarkaður fjöldi fulltrúa. Öllum sveitarstjórnarmönnum er hins vegar heimilt að sækja aðra viðburði á vegum sambandsins, svo sem fjármálaráðstefnu, skólaping o.fl.

Starfshópurinn ræddi alltarlega 1. mgr. 15. gr., sem fjallar um ráðningu framkvæmdastjóra, sviðsstjóra og annars starfslíðs, en gerir a.m.k. á þessu stigi ekki tillögu um breytingu á ákvæðinu. Hins vegar koma fram ábending um að tilefni gæti verið til þess að setja í starfsmannastefnu sambandsins ákvæði um að ávallt þurfi heimild stjórnar ef ætlunin er að ráða starfsmenn til sambandsins án auglýsingar.

5. Lokaorð

Eins og fram kemur í þessari samantekt og meðfylgjandi vinnuskjali gerir starfshópurinn allmargar tillögur um breytingar á samþykktum sambandsins. Flestar eru þessar tillögur þó minniháttar og þess eðlis að hægt ætti að vera að leggja þær fyrir næsta landsþing sambandsins 24. mars nk. Þótt fyrirvari sé fremur stuttur.

Tillaga starfshópsins er að breytingatillögur sem fram koma í fylgiskjali verði lagðar fram til samþykktar á landsþinginu 24. mars en rétt er þó að taka fram að almennt er ekki um að ræða atriði sem geta talist brýnar úrbætur heldur er frekar verið að leitast við að laga ákvæði samþykktanna að núverandi framkvæmd hjá sambandinu.

Á landsþinginu gæfist jafnframt tækifæri til þess að kynna hugmyndir starfshópsins um frekari breytingar á samþykktunum og kalla eftir umræðu um þær, en með þeim formerkjum að þær þurfi að þróa frekar og kynna vel á sveitarstjórnarstiginu áður en þær verði lagðar fyrir landsþing. Ef mikill áhugi reynist vera fyrir því að ráðast í þær breytingar, í heild eða að hluta, væri mögulegt að halda aukalandsþing þannig að breytingar á samþykktum geti tekið gildi fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2018.

Ef vilji er til þess af hálfu stjórnar er starfshópurinn reiðubúinn að starfa áfram að loknu landsþingi og þróa þær hugmyndir frekar, sem gerð er grein fyrir í 3. kafla þessarar áfangaskýrslu starfshópsins, með hliðsjón af umfjöllun á landsþingi og í stjórn sambandsins.

F.h. starfshóps

GB/MKH

Vinnuskjal starfshóps um endurskoðun samþykktar sambandsins 2017 – niðurstaða til stjórnar sambandsins

Samþykktir sambandsins	Tillögur um breytingar	Athugasemdir
<p>1. gr. Heiti og heimili.</p> <p>Sambandið heitir Samband Íslenskra sveitarfélaga og er heimili, varnarþing og skrifstofa þess í Reykjavík.</p> <p>2. gr. Hlutverk.</p> <p>Hlutverk sambandsins er:</p> <p>Að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landnátt og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi.</p> <p>Að þjóna sveitarfélögum á sviði vinnuarkaðsmála, annast kjarasamningsgerð og hafa fyrirvar í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita umboð sitt til þess, hafa frumkvæði að rannsóknum og sinna upplýsingagjöf til sveitarfélaga um kjaramál.</p> <p>Að vera fulltrúi íslenskra sveitarfélaga gagnvart ríkisvaldinu og öðrum innlendum aðilum, eftir því sem við á. (verður 2. mgr.)</p> <p>Að vera fulltrúi íslenskra sveitarfélaga gagnvart erlendum samtökum um sveitarstjórnarmál, alþjóðastofnunum og öðrum þeim aðilum erlendis, er láta sig sveitarstjórnarmálefni skipta.</p> <p>Að vinna að almennri fræðslu um sveitarstjórnarmál með ráðstefnu-, námskeiða- og fundahaldi og upplýsingastarfsemi fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga.</p>	<p>Óbreytt.</p> <p>2. gr. Hlutverk.</p> <p>Hlutverk sambandsins er:</p> <p>Að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaga og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi.</p> <p>Að vera fulltrúi sveitarfélaga gagnvart ríkisvaldinu og öðrum innlendum aðilum, eftir því sem við á.</p> <p>Að þjóna sveitarfélögum á sviði vinnuarkaðsmála, annast kjarasamningsgerð og hafa fyrirvar í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita umboð sitt til þess, hafa frumkvæði að rannsóknum og sinna upplýsingagjöf til sveitarfélaga um kjaramál.</p> <p>Að þjóna sveitarfélögum og samtökum þeirra á sviði lögbundinna verkefna og öðrum þeim sviðum sem sveitarfélög og samtök þeirra kalla eftir í takt við þróun og breytingar á sveitarstjórnarstíginu.</p> <p>Að vera fulltrúi sveitarfélaga gagnvart erlendum samtökum um sveitarstjórnarmál, alþjóðastofnunum og öðrum þeim aðilum erlendis, er láta sig sveitarstjórnarmálefni skipta.</p> <p>Að vinna að almennri fræðslu um sveitarstjórnarmál með ráðstefnu-, námskeiða- og fundahaldi og miðla þekkingu og upplýsingum til sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sveitarfélaga með fjölbreyttum hætti.</p>	<p>Tillögur um breytingar á 2. gr. (rauðlitað eða yfirstrikað) eru settar fram með hiðsjón af stefnumörkun 2014-2018. Einnig var talin þörf á að samræma orðalag í greininni.</p>

<p>3. gr. Aðild.</p> <p>Hvert íslenskt sveitarfélag getur gerst aðili að sambandinu.</p> <p>Nú samþykkir sveitarstjórn að óska þess að sveitarfélagið verði tekið í sambandið og skal hún þá senda stjórn sambandsins skriflega umsókn um það. Stjórn sambandsins veitir sveitarfélaginu inngöngu til bráðabirgða, en leggja skal slíkar umsóknir fyrir landsþing til fullnaðarstaðfestingar.</p> <p>Ef sveitarfélag óskar að segja sig úr sambandinu skal tilkynna það skriflega og miðast úrsögnin við næsta landsþing eftir að tilkynning um úrsögn berst.</p>	<p>Óbreytt.</p>	
<p>4. gr. Landsþing.</p> <p>Landsþing hefur æðsta vald í málefnum sambandsins. Það kemur saman árlega, að jafnaði í mars eða apríl. Á því ári sem almennar sveitarstjórnarkosningar eru haldnar skal landsþing þó haldið eigi síðar en í lok september. Stjórn sambandsins boðar til landsþings og ákveður þingstað og tímasetningu.</p>	<p>4. gr. Landsþing.</p> <p>Landsþing hefur æðsta vald í málefnum sambandsins. Það kemur saman árlega, að jafnaði í mars eða apríl. Á því ári sem almennar sveitarstjórnarkosningar eru haldnar skal landsþing þó haldið eigi síðar en í lok september. Stjórn sambandsins boðar til landsþings og ákveður þingstað og tímasetningu.</p>	<p>Ekki þykir ástæða til þess að halda því opnu að fyrsta landsþing að loknum sveitarstjórnarkosningum dragist fram í október.</p>
<p>5. gr. Kosning landsþingsfulltrúa.</p> <p>Að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir fulltrúa á landsþing og gildir sú kosning fyrir kjörtímabil sveitarstjórnar. Um fjölda aðalfulltrúa á landsþingi gildir eftirfarandi:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Sveitarfélag með allt að 1.000 íbúa kýs 1 fulltrúa. 2. Sveitarfélag með 1.001 til 3.000 íbúa kýs 2 fulltrúa. 	<p>Óbreytt. Umræðu um þessa grein verður getið í minnisblaði til stjórnar.</p>	<p>Það sem helst hefur verið álitæfni er hvort tilefni væri til að setja ákvæði um hámarksfjölda fulltrúa frá sveitarfélagi, m.t.t. þess að borgin hefur átt í eilítlum vandræðum með að manna þau 16 sæti sem hún á rétt á.</p> <p>Það vandamál gæti þó orðið úr sögunni frá kosningum 2018, þegar borgarfulltrúum ætti að fjölga skv. 11. gr. sveitarstjórnarlaga. Þó ber að hefja í huga að frumvarp er væntanlegt um að fjöldi borgarfulltrúa verði á bilinu 15-23, í stað 23-31, sbr. 11. gr. gildandi laga.</p>

<p>3. Sveitarfélag með 3.001 til 5.000 íbúa kys 3 fulltrúa.</p> <p>4. Sveitarfélag með 5.001 til 10.000 íbúa kys 4 fulltrúa</p> <p>5. Sveitarfélag með fleiri en 10.000 íbúa kys einn fulltrúa fyrir hvert byrjað tugbúsund íbúa umfram 10.000 til viðbótar hinum <u>fiórum</u>.</p> <p>Íbúafjöldi samkvæmt þessari grein skal miðaður við 1. janúar á því ári sem almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram. Notaðar skulu mannfjöldatölur skv. skráningu Hagstofu Íslands. Verði breyting á sveitarfélagaskipan frá 1. janúar fram til sveitarstjórnarkosninga, skal laga íbúafjöldann að þeirri breytingu.</p> <p>Varafulltrúar á landsþingi skulu kosnir jafnmargir og aðalfulltrúar. Kosning fulltrúa fer eftir sömu reglum og gilda um kosningu nefnda skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga, annarra en byggðarráðs.</p> <p>Kjörgengir sem fulltrúar á landsþingi eru nýkjörmir aðalmenn í sveitarstjórnnum og varamenn þeirra jafnmargir að tölu, hvort sem varamaður í sveitarstjórn hefur verið kjörinn sérstaklega við óbundnar kosningar eða hann fær kjörbréf vegna setu á framboðslista við bundnar hlutfallskosningar.</p> <p>Að kosningu lokinni, í síðasta lagi 1. ágúst, sendir sveitarfélagið skrifstofu sambandsins kjörbréf með nöfnum þeirra sem hafa verið kjörnir fulltrúar og varafulltrúar.</p>		
<p>6. gr. Dagskrá landsþings.</p> <p>Á landsþingi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir eða lögð fram:</p>	<p>6. gr.</p> <p><i>Dagskrá landsþings.</i></p> <p>Á landsþingi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir eða lögð fram:</p>	<p>Tillaga er gerð um eftirfarandi breytingar á 6. gr.</p> <p>Eftirfarandi atriði falli brott úr greininni: e-liður 1. mgr.: Ekki hefur verið lögð fram þriggja ára áætlun, sbr. e-lið – sjá einnig 14. gr.</p>

<p>a) Þingsetning og ræða formanns.</p> <p>b) Kosning tveggja þingforseta.</p> <p>c) Kosning tveggja ritara.</p> <p>d) Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.</p> <p>e) Reikningar sambandsins næstliðið reikningsár, endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og kjörnum samþykktir af stjórn sambandsins og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár og þriggja ára áætlun.</p> <p>f) Álit kjörbréfanefndar.</p> <p>g) Skýrsla um starfsemi sambandsins fyrir næstliðið ár og starfsáætlun sambandsins fyrir yfirstandandi ár.</p> <p>h) Stefnumótun sambandsins.</p> <p>i) Mál sem sveitarstjórn, samtök sveitarfélaga eða þingfulltrúi óskar eftir að leggja fram.</p> <p>j) Lagabreytingar</p> <p>k) Önnur mál.</p> <p>Til viðbótar við framangreind mál skal taka eftirfarandi mál fyrir á fyrsta landsþingi eftir almennar sveitarstjórnarkosningar:</p> <p>l) Kosning stjórnar, sbr. 9. gr.</p> <p>m) Kosning skoðunarmanna, sbr. 10. gr.</p> <p>Tillögur um mál samkvæmt i-lið 2. mgr. þessarar greinar skal senda stjórn sambandsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir landsþing. Heimilt er þó að leggja mál fyrir landsþing með skemmri fyrirvara, ef 2/3 hlutar viðstaddra þingfulltrúa samþykkja.</p>	<p>a) Þingsetning og ræða formanns.</p> <p>b) Kosning tveggja þingforseta.</p> <p>c) Kosning tveggja ritara.</p> <p>d) Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.</p> <p>e) Kosning sex manna kjörnefndar og jafn margra varamanna.</p> <p>f) Reikningar sambandsins næstliðið reikningsár, endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og kjörnum skoðunarmönnum og samþykktir af stjórn sambandsins og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár.</p> <p>g) Álit kjörbréfanefndar.</p> <p>h) Skýrsla um starfsemi sambandsins fyrir næstliðið ár og starfsáætlun sambandsins fyrir yfirstandandi ár.</p> <p>i) Stefnumótun sambandsins.</p> <p>j) Mál sem sveitarstjórn, samtök sveitarfélaga eða þingfulltrúi óskar eftir að leggja fram.</p> <p>k) Breytingar á samþykktum.</p> <p>Á fyrsta landsþingi eftir almennar sveitarstjórnarkosningar fer fram kosning stjórnar, sbr. 10. gr. Á öðrum landsþingum fer fram kosning aðal- og varamanna í stjórn ef tilefni er til.</p> <p>Tillögur um mál samkvæmt j-lið 2. mgr. þessarar greinar skal senda stjórn sambandsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir landsþing. Heimilt er þó að leggja mál fyrir landsþing með skemmri fyrirvara, ef 2/3 hlutar viðstaddra þingfulltrúa samþykkja.</p> <p>Landsþingið getur kosið nefndir eða vinnuhópa til þess að fjalla um einstök mál sem til meðferðar eru á þinginu. Heimilt er stjórn sambandsins að boða til aukalandsþings með tveggja vikna fyrirvara og skulu þá þau mál tekin fyrir sem stjórnin ákveður.</p>	<p>k-liður 1. mgr. (önnur mál)</p> <p>m-liður: Ákvæði um skoðunarmenn hefur verið fellt brott úr sveitarstjórnarlögum.</p> <p>Aðrar breytingar sem lagðar eru til á 6. gr.</p> <p>Í e-lið 1. mgr. bætist ákvæði um að landsþing kjósi sex manna kjörnefnd og jafn marga varamenn. Kjörnefnd er samkvæmt gildandi samþykktum skipuð af stjórn sambandsins. Ekki hafa verið kosnir varamenn.</p> <p>Í j-lið er lögð til breyting: Liðurinn heiti Breytingar á samþykktum, í stað lagabreytingar.</p> <p>Í 2. mgr. er lögð til viðbót um að kosning einstakra aðal- og varamanna fer fram á landsþingi ef tilefni er til, svo sem ef stjórnarmaður missir kjörgengi.</p> <p>3.-5. mgr. eru óbreyttar.</p>
---	---	--

<p>Landsþingið getur kosið nefndir eða vinnuhópa til þess að fjalla um einstök mál sem til meðferðar eru á þinginu.</p> <p>Heimilt er stjórn sambandsins að boða til aukalandsþings með tveggja vikna fyrirvara og skulu þá þau mál tekin fyrir sem stjórnin ákveður.</p>	<p>7. gr. Boðun til landsþings.</p> <p>Til landsþings skal boðað með bréfi til sveitarstjórna með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara. Auk þess skulu þingfulltrúar, sbr. 5. gr., og áheyrnarfulltrúar, sbr. 8. gr., boðaðir bréflaga til þingsins með að lágmarki eins mánaðar fyrirvara, ásamt dagskrá.</p>	<p>Lagt er til að síðari málsliður 7. gr. verði orðaður skýrar um það hverjir eru boðaðir til landsþings. Einnig er lagt til að tilkynning til sveitarstjórna um landsþing verði send með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara í stað eins mánaðar áður. Tilgangurinn er m.a. að veita sveitarstjórnarmönnum meira ráðrúm til þess að senda inn tillögur til landsþings, svo sem um breytingar á samþykktum.</p>
<p>8. gr. Áheyrnarfulltrúar á landsþingi.</p> <p>Stjórnarmenn sem eigi eru kjörnir fulltrúar eiga rétt til setu á landsþingi með málfrelsi og tillögurétti.</p> <p>Ennfremur eiga framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. bæjar- og sveitarstjórar, auk formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga rétt til setu á landsþingi með málfrelsi og tillögurétti.</p>	<p>7. gr. Boðun til landsþings.</p> <p>Til landsþings skal boðað með bréfi til sveitarstjórna með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara. Auk þess skulu þingfulltrúar, sbr. 5. gr., og áheyrnarfulltrúar, sbr. 8. gr., boðaðir bréflaga til þingsins með að lágmarki eins mánaðar fyrirvara, ásamt dagskrá.</p>	<p>Sjá tillögu frá Sigrúnu H. Pálsdóttur um breytingu á 8. gr. og umsögn GB og MKH um það.</p>
<p>9. gr. Kjörnefnd.</p> <p>Stjórn sambandsins skal að afloknum sveitarstjórnarkosningum, eigi síðar en sex vikum fyrir landsþing, kjósa 6 manna kjörnefnd til að gera tillögur til landsþings um kjör-stjórnar, stjórnarformanns og skoðunarmanna til fjögurra ára, sbr. 10. og 11. gr.</p> <p>Í kjörnefndinni skulu sitja fulltrúar fyrir fimm kjörsvæði, sem eru:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Reykjavík tveir fulltrúar. 	<p>9. gr. Kjörnefnd.</p> <p>Kjörnefnd sem kosin er á landsþingi, sbr. e-lið 1. mgr. 6. gr., skal koma saman að loknum sveitarstjórnarkosningum til að gera tillögur til landsþings um kjör stjórnar og formanns sambandsins, sbr. 10. gr. Kjörnefnd skal einnig kölluð saman milli landsþinga ef aðal- eða varamaður lætur af stjórnarsetu eða missir kjörgengi.</p> <p>Í kjörnefndinni skulu sitja fulltrúar fyrir fimm kjörsvæði, sem eru:</p>	<p>Lagðar eru til breytingar á greininni sem snúa að því að kjörnefnd verði kosin á landsþingi og að hún geti starfað á milli landsþinga ef svo ber undir. Einnig er lagt til að þeir sem taka sæti í kjörnefnd séu ekki kjörgengir sem aðal- eða varamenn í stjórn sambandsins.</p>

<p>2. Suðvesturkjördæmi einn fulltrúi.</p> <p>3. Norðvesturkjördæmi einn fulltrúi.</p> <p>4. Norðausturkjördæmi einn fulltrúi.</p> <p>5. Suðurkjördæmi einn fulltrúi.</p> <p>Kjörnefnd skal hafa samráð við þingfulltrúa af hverju kjörsvæði fyrir sig áður en hún gengur frá tillögum sínum til landsþingsins.</p> <p>Kjörgengir í kjörnefnd eru aðal- og varamenn í sveitarstjórn svo og framkvæmdastjórn sveitarfélaga, enda hafi þeir það starf að aðalstarfi.</p>	<p>1. Reykjavík tveir fulltrúar.</p> <p>2. Suðvesturkjördæmi einn fulltrúi.</p> <p>3. Norðvesturkjördæmi einn fulltrúi.</p> <p>4. Norðausturkjördæmi einn fulltrúi.</p> <p>5. Suðurkjördæmi einn fulltrúi.</p> <p>Kjörgengir í kjörnefnd eru aðal- og varamenn í sveitarstjórn svo og framkvæmdastjórn sveitarfélaga, enda hafi þeir það starf að aðalstarfi. Þeir sem taka sæti í kjörnefnd eru ekki kjörgengir til að vera aðal- eða varamenn í stjórn sambandsins. Ef kjörnefndarmaður hyggst sækjast eftir sæti í stjórn verður hann að segja sig úr kjörnefnd áður en nefndin kemur saman til fyrsta fundar til að undirbúa stjórnarkjör á landsþingi.</p>	
<p>10. gr. Kosning stjórnar.</p> <p>Á næsta landsþingi að afloknum sveitarstjórnarkosningum skal kjósa 11 aðalmenn í stjórn sambandsins. Tillögur kjörnefndar, sbr. 9. gr., skulu kynntar landsþingsfulltrúum eigi síðar en einum sólarhring áður en kosning fer fram samkvæmt auglýstri dagskrá.</p> <p>Heimilt er að leggja fram breytingartillögur við tillögur kjörnefndar og skulu þær berast þingforsetum eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en kosning fer fram.</p> <p>Fjöldi stjórnarmanna skiptist þannig eftir kjörsvæðum:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Þrjú úr Reykjavík. 2. Tveir úr suðvesturkjördæmi. 3. Tveir úr norðvesturkjördæmi. 4. Tveir úr norðausturkjördæmi. 	<p>Á þessu stigi eru ekki lagðar til breytingar á greininni.</p>	

<p>5. Tveir úr suðurkjördæmi.</p> <p>Jafnmargir varamenn skulu kosnir með sama hætti. Formaður stjórnar sambandsins skal kosinn sérstaklega. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum, m.a með kosningu varaformanns. Láti formaður af störfum kys landsþing formann í hans stað á næsta fundi sínum.</p> <p>Tiltekinn varamaður skal kjörinn fyrir hvern aðalmann í stjórn og tekur hann sæti í stjórninni í tímabundnum forföllum aðalmanns.</p> <p>Kjörgengir eru aðal- og varamenn í sveitarstjórn svo og framkvæmdastjórnar sveitarfélaga, enda hafi þeir það starf að aðalstarfi.</p> <p>Missi stjórnarmaður umboð sitt, sbr. 1. mgr. 13. gr., tekur varamaður sæti hans til næsta landsþings sem kys nýjan aðalmann í hans stað. Missi varamaður í stjórn umboð sitt, sbr. 1. mgr. 13. gr., skal næsta landsþing kjósa mann í hans stað.</p>		
<p>11. gr. Skoðunarmenn: Á næsta landsþingi að afleknun almennum sveitarstjórnarkosningum skal kjósa tvo skoðunarmenn ársreikninga sambandsins og tvo til vara að fengnum tillögum kjörnefndar, sbr. 8. gr. Kjörgengir sem skoðunarmenn eru aðal- og varamenn í sveitarstjórn svo og framkvæmdastjórnar sveitarfélaga, enda hafi þeir það starf að aðalstarfi.</p>	<p>Greinin fellur brott, sbr. breytingu á 6. gr.</p>	
<p>12. gr. Kjörtímabil stjórnar, landsþingsfulltrúa og skoðunarmanna.</p> <p>Kjör til setu á landsþingi sambandsins, í stjórn þess eða sem skoðunarmaður þess, gildir þar til landsþing er næst háð eftir almennar sveitarstjórnarkosningar. Fellur umboð fráfarandi</p>	<p>11. gr. Kjörtímabil stjórnar og landsþingsfulltrúa. Kjör til setu á landsþingi sambandsins og í stjórn þess gildir þar til landsþing er næst háð eftir almennar sveitarstjórnarkosningar. Fellur umboð fráfarandi stjórnar niður að aflokinni kosningu á landsþingi sbr. 9. og 10. gr. Umboð til setu á landsþingi (sem aðal- eða varafulltrúi) eða í stjórn sambandsins fellur þó niður veiti</p>	<p>Vísun til skoðunarmanna er felld niður í 12. gr. Laga þarf innsláttarvillu í lokamálið – „hluteigandi“ á að vera hlutaðeigandi.</p>

<p>stjórnar og sköðunarmanna niður að aflokinni kosningu á landsþingi sbr. 9. og 10. gr. Umboð til setu á landsþingi (sem aðal- eða varafulltrúi), í stjórn sambandsins eða sem sköðunarmaður fellur þó niður veiti sveitarstjórn hluteigandi lausn frá störfum í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.</p>	<p>sveitarstjórn hlutaðeigandi lausn frá störfum í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.</p>	
<p>13. gr. Missir kjörgengis. Nú lætur maður sem kjörinn hefur verið aðalmaður eða varamaður á landsþing, í stjórn, eða sem sköðunarmaður af starfi hjá því sveitarfélagi sem hann starfaði fyrir þegar kosning fór fram og fellur þá umboð hans niður. Ákvæði þetta tekur ekki til framangreindra aðila sem missa umboð sitt við almennar sveitarstjórnarkosningar. Umboð þeirra fellur niður er landsþing hefur kosið nýja stjórn.</p>	<p>12. gr. Missir kjörgengis og leyfi frá trúnaðarstörfum. Umboð þeirra sem kjörnir hafa verið sem aðalmenn eða varamenn á landsþing fellur niður ef viðkomandi lætur af setu í sveitarstjórn. Umboð aðal- og varamanna í stjórn sambandsins fellur niður ef þeir láta af starfi sem aðal- eða varamaður í sveitarstjórn eða framkvæmdastjóri sveitarfélags. Ákvæði þetta tekur ekki til framangreindra aðila sem missa umboð sitt við almennar sveitarstjórnarkosningar. Umboð þeirra fellur niður er landsþing hefur kosið nýja stjórn. Stjórnarmenn, nefndarmenn og landsþingsfulltrúar, sem eru í tímabundnu leyfi frá störfum í sveitarstjórn eða hjá sveitarfélagi, svo sem vegna fæðingarorlofs, eru jafnframt í leyfi frá trúnaðarstörfum sem þeir hafa verið kjörnir til samkvæmt samþykktum þessum.</p>	<p>Vísun í sköðunarmenn er felld brott og orðalagi breytt til að gera ákvæði um missi kjörgengis skýrari. Lögð er til ný 4. mgr. um að ef tekið er tímabundið leyfi frá störfum hjá sveitarfélagi taki sá hinn sami einnig leyfi frá trúnaðarstörfum fyrir sambandið.</p>
<p>14. gr. Verkefni stjórnar. Stjórnin fer með yfirstjórn sambandsins milli landsþinga. Stjórnin er í forsvart fyrir sambandið út á við og ber ábyrgð á fjárfreiðum þess. Stjórnin heldur fundi að jafnaði einu sinni í mánuði og skal til þeirra boðað bréflaga með hæfilegum fyrirvara. Stjórnin skal fyrir lok desember ár hvert samþykkja starfsáætlun og fjárhagsáætlun sambandsins fyrir næsta ár. Hann tveggja mánaða frá samþykkt</p>	<p>13. gr. Verkefni stjórnar. Stjórnin fer með yfirstjórn sambandsins milli landsþinga. Stjórnin heldur fundi að jafnaði einu sinni í mánuði og skal til þeirra boðað bréflaga með hæfilegum fyrirvara. Stjórnin skal fyrir lok desember ár hvert samþykkja starfsáætlun og fjárhagsáætlun sambandsins fyrir næsta ár. Stjórnin skal fyrir lok febrúarmánaðar hafa samþykkt reikninga sambandsins fyrir næstliðið ár.</p>	<p>Lagt er til að 2. málslíður 1. mgr. falli brott. Stjórnin sem heild hefur ekki verið í forsvart fyrir sambandið. Ákvæði 3. mgr. lýsir almennri aðkomu stjórnar að fjármálum sambandsins. Lagt er til að orðið „bréflaga“ í 2. mgr. falli brott. Fundir stjórnar eru boðaðir rafrænt. Ekki hefur verið gerð þriggja ára rammaáætlun fyrir sambandið, og er lagt til að ákvæði um hana falli brott. Lagt er til að í 5. mgr. komi skýrt ákvæði um að fastanefndir eru ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins, sbr. 4. mgr. Einnig er lagt</p>

<p>fjárhagsáætlunar skal stjórnin samþykkja samþykkingu til næstu þriggja ára þar á eftir.</p> <p>Stjórnin skal fyrir lok febrúarmánaðar hafa samþykkt reikninga sambandsins fyrir næstliðað ár.</p> <p>Stjórnin getur skipað fastanefndir til að fjalla um einstök mál eða málaflökka. Umboð slíkra nefnda fellur niður við stjórnarskipti.</p>	<p>Stjórnin getur skipað fastanefndir til að fjalla um einstök mál eða málaflökka, sem eru ráðgefandi fyrir stjórn og starfsfólk sambandsins. Einnig getur stjórnin skipað starfshópa til þess að fjalla um ákveðin málefni. Umboð slíkra nefnda fellur niður við stjórnarskipti, nema annað sé ákveðið í skipunarbréfi þeirra.</p>	<p>til að bæta inn ákvæði um skipun verkefnanefnda um einstök málefni, sbr. aths. við 3. gr.</p>
<p>15. gr. Framkvæmdastjóri og starfslið.</p> <p>Stjórnin ræður framkvæmdastjóra sambandsins og sviðsstjóra í samræmi við skipurit sambandsins á hverjum tíma. Annað starfslið ræður framkvæmdastjóri.</p> <p>Framkvæmdastjóri stjórnar daglegum störfum á skrifstofu sambandsins, fjárreiðum og öðrum málefnum þess.</p>	<p>14. gr. Framkvæmdastjóri og starfslið.</p> <p>Stjórnin ræður framkvæmdastjóra sambandsins og sviðsstjóra í samræmi við skipurit sambandsins á hverjum tíma. Annað starfslið ræður framkvæmdastjóri.</p> <p>Framkvæmdastjóri stjórnar daglegum störfum á skrifstofu sambandsins, fjárreiðum og öðrum málefnum þess á grundvelli samþykktar og stefnumörkunar sambandsins. Hann skal sjá um að fundir stjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu stjórnar komist til framkvæmda, hafi stjórnin ekki falið það öðrum.</p> <p>Framkvæmdastjóri stýrir hagsmunagæslu sambandsins í umboði stjórnar, í samráði við formann stjórnar, og undirritar ásamt formanni fyrir hönd sambandsins samningasem lúta að samskiptum ríkis og sveitarfélaga.</p>	<p>Umfjöllun um framkvæmdastjóra og starfslið er mjög knöpp í samþykktunum og er lagt til að kveðið verði ítarlegar á um hlutverk framkvæmdastjóra, með hliðsjón af 55. gr. sveitarstjórnarlaga, um hlutverk framkvæmdastjóra sveitarfélaga.</p>
<p>16. gr.</p> <p><i>Breytingar á samþykktum.</i></p> <p>Breytingar á samþykktum sambandsins má gera á landsþingi. Tillögur um breytingar á samþykktunum skulu lagðar fyrir stjórn a.m.k. fjórum vikum fyrir landsþing sem sendir þær fulltrúum á landsþingi eigi síðar en tveimur vikum fyrir landsþing og skal þeirra getið í fundarboði. Til breytinga á</p>	<p>Óbreytt.</p>	<p>Rætt á fyrsta fundi að mögulega mætti sameina 6. og 16. gr. Algengast er að ákvæði um breytingar á samþykktum samtaka sé sjálfstæð grein og því ekki endilega tilefni til að leggja til breytingu.</p>

<p>samþykktunum þarf samþykki meirihluta allra atkvæðisbærra fulltrúa, sbr. 5. gr.</p>		
<p>17. gr. <i>Gildistaka.</i> Samþykktir þessar öðlast gildi að loknu landsþingi sambandsins árið 2010, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða. Jafnframt falla úr gildi lög Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. september 2006.</p>	<p>16. gr. Gildistaka. Samþykktir þessar öðlast gildi að loknu landsþingi sambandsins árið 2017. Jafnframt falla úr gildi samþykktir sambandsins frá 1. október 2010.</p>	<p>þarfnast ekki skýringa.</p>
<p><i>Ákvæði til bráðabirgða.</i> Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga skal ekki kesið í Launanefnd sveitarfélaga á XXIV. landsþingi þess.</p>		<p>Greinin fellur brott.</p>



Heildarendurskoðun samþykktá sambandsins

13. janúar 2017

1604013SA MKH

Málalykill: 00.01

Samþykktir landsþinga

Landsþing 2014:

Stjórn sambandsins verði falið að endurskoða samþykktir þess, sérstaklega fyrirkomulag við kosningu stjórnar, og leggja fram tillögu á næsta landsþingi.

Landsþing 2015:

XXIX. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldið er í Kópavogi þann 17. apríl 2015, felur stjórn sambandsins að skipa starfshóp til að vinna að mótun tillagna um heildarendurskoðun samþykktá sambandsins. Tillögur starfshópsins verði lagðar fram til umfjöllunar á landsþingi árið 2017.

10. mars 2017

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um orlof húsmæðra <<http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=144&mnr=339>> (afnám laganna), 119. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 24. mars nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is <<mailto:nefndasvid@althingi.is>>

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/146/s/0178.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html <<http://www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html>>

Kveðja,

Kristjana Benediktsdóttir
skjalavörður
skrifstofu Alþingis, nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
sími 563-0433, fax 563-0430
www.althingi.is <<http://www.althingi.is/>>

BORGARRÁÐ 9. mars 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um heildarlaunakostnað hvers stjórnmálaflokks á árinu 2016 - R17030086

Óskað er eftir upplýsingum um heildarlaunakostnað, ásamt launatengdum gjöldum, hvers stjórnmálaflokks á árinu 2016. Svarið skal taka yfir greiðslur til allra fulltrúa stjórnmálaflokkanna í nefndum og ráðum á vegum Reykjavíkurborgar.

BORGARRÁÐ 9. mars 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lokun skiptistöðvar á Hlemmi - R17030087

Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins: Hinn 17. mars 2016 samþykkti borgarráð þá tillögu Sjálfstæðisflokksins að í því skyni að bæta þjónustu við strætisvagnafarþega yrði húsnæði skiptistöðvarinnar að Hlemmi haft opið meðan unnið væri að breytingum á húsnæðinu en önnur aðstaða útbúin eftir því sem þörf krefði vegna framkvæmdanna. Þá yrði húsið opið á aksturstíma strætisvagna. Til stóð að breytingum á húsnæðinu yrði lokið sumarið 2016 en það hefur ekki gengið eftir og er húsið nú harðlokað farþegum sem þurfa að bíða utandyra í kulda og trekki. Óskað er eftir greinargerð um málið þar sem m.a. komi fram af hverju áður nefndri samþykkt borgarráðs var ekki fylgt, ásamt upplýsingum um kostnað, helstu tímasetningar og hvenær fyrirhugað er að opna húsið að nýju fyrir farþegum.

Málsnr.: R17020250
Skjalasafn Ráðhúss
28. feb. 2017
Bréfalykill: 250



Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferðarraduneyti.is

Reykjavík 24. febrúar 2017
Tilv.: VEL17020365/03.03.12

Efni: Óskað tilnefninga í innflytjendaráð.

Samkvæmt lögum um málefni innflytjenda nr. 116/2012, skipar ráðherra sex manna innflytjendaráð eftir hverjar alþingiskosningar.

Ráðið er skipað samkvæmt 4. gr. laganna sem hljóðar svo;

„Eftir hverjar alþingiskosningar skipar ráðherra sex manna innflytjendaráð. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar, þ.e. formann og einn fulltrúa, og skal að minnsta kosti annar þeirra vera úr hópi innflytjenda. Auk þess skal ráðherra skipa einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu frá þeim ráðherra sem fer með málefni útlendinga, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu frá þeim ráðherra sem fer með fræðslumál, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu frá Reykjavíkurborg. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Komi til atkvæðagreiðslu í innflytjendaráði og atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns. Forstöðumaður Fjölmenningarseturs skal sitja fundi innflytjendaráðs með málfrelsi og tillögurétt.“


Með vísan til ofanritaðs er hér með óskað eftir því að Reykjavíkurborg tilnefni einn fulltrúa og annan til vara til setu í innflytjendaráði til næstu alþingiskosninga.

Ráðuneytið vekur athygli á 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að vika frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ráðherra skipar í ráðið og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Þess er vinsamlega óskað að umbeðnar tilnefningar berist ráðuneytinu fyrir 10. mars nk., ásamt upplýsingum um kennitölur og netföng þeirra aðila sem tilnefndir verða.

Fyrir hönd félags- og jafnréttismálaráðherra


Sveinn Magnússon


Margrét Sigurðardóttir

8. mars 2017

Sambandinu hefur borist bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. febrúar sl., um bókanir borgarráðs 26. janúar sl., vegna samnings borgarinnar og velferðarráðuneytisins um móttöku, aðstoð og stuðning við hóp flóttafólks frá Sýrlandi á árunum 2017-2019.

Í bókun 2, sem reifuð er í bréfinu, er lagt til að sett verði viðmið til framtíðar í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga um með hvaða hætti eigi að reikna raunverulegan kostnað af móttöku barna úr hópi flóttafólks fyrir skólakerfi verksala.

Sambandið telur þörf á því að setja slík kostnaðarviðmið fyrir allar greiðslur ríkisins til sveitarfélaga vegna móttöku flóttamanna og þ. m. t. fyrir skólagöngu barna.

Það hefur væntingar um að tækifæri gefist til að vinna að framgangi málsins í tengslum við þá vinnu sem framundan er við umbætur og samræmingu á móttökukerfi fyrir alla flóttamenn skv. framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2016-2019, sbr. þál. nr. 63 frá 145. löggjafarþingi 2015-2016.

Til undirbúnings er sambandið að afla sér upplýsinga frá norrænum systursamböndum og er umtalað að hag- og upplýsingasvið sambandsins muni vinna að úrvinnslu málsins í samvinnu við innflytjenda- og flóttamannateymi þess.

Anna Guðrún Björnsdóttir
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs
Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgarráð
b.t. S. Björns Blöndals formanns
Ráðhúsi Reykjavíkur
við Vonarstræti
101 Reykjavík

**Efni: Vegna niðurstöðu umboðsmanns í máli
númer 8678/2015 varðandi lokun gatna í miðbænum**

Reykjavík, 13. mars 2017

Heiðraða borgarráð

Miðbæjarfélagið (áður Samtök kaupmanna og fasteignaeigenda við Laugaveg) leitaði til umboðsmanns Alþingis 27. október 2015 og kvartaði undan málsmeðferð Reykjavíkurborgar vegna lokana gatna í miðbænum yfir sumartímann, sem valdið hafa rekstraraðilum og þar með eigendum atvinnuhúsnaðis í miðbænum miklu tjóni. Umboðsmaður skilaði álitinu sínu fyrir skemmstu (mál nr. 8678/2015). Þar segir meðal annars um lokanir gatna til lengri tíma:

„... þessar ákvarðanir kunna eftir atvikum að hafa veruleg áhrif á hagsmuni þeirra aðila sem eiga eða nýta fasteignir á þessum svæðum eða stunda þar verslunarrekstur og sölu á þjónustu hvað varðar aðgengi að og notkunarmöguleika fasteigna. Þá minni ég á að sveitarfélagsvegir eru „ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar“ samkvæmt 9. gr. vegalaga og í 3. gr. laganna kemur fram að akbraut sé sá hluti vegar sem fyrst og fremst er ætlaður fyrir umferð ökutækja“.

Þá telur umboðsmaður reyna á hvort það fyrirkomulag sem Reykjavíkurborg hefur fest í sessi við lokun gatna í miðbænum teljist vera „varanleg sérákvæði um notkun vegar til umferðar“ í skilningi 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga með þeim afleiðingum að það sé hlutverk lögreglustjóra að kveða á um fyrirkomulagið að fengnum tillögum sveitarstjórnar.

Umboðsmaður gerir fjölþættar athugasemdir við málsmeðferð Reykjavíkurborgar og lagaumhverfið. Hann beinir því meðal annars til Reykjavíkurborgar að skoða hvort ekki sé rétt að leggja málið í farveg skv. 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga. Í því felst ákveðin vísbending um að umboðsmanni þyki að málið hafi verið lagt í rangan farveg til þessa.

Umboðsmaður telur jafnframt meinbugi vera á lögum um þessi mál og álitur rétt að þar verði kveðið skýrar á um heimildir sveitarfélaga til að loka tímabundið götum til að tryggja betur réttaröryggi borgaranna. Umboðsmaður vekur sérstaka athygli bæði innanríkisráðherra og umhverfisráðherra á þessu. Umboðsmaður segir það afstöðu sína „m.a. með tilliti til þess að

ekki ríki vafi um slíkar heimildir (þ.e. til lokana gatna) og þar með það inngríp sem leiðir af slíkum ákvörðunum í möguleika eigenda og afnotahafa fasteigna til aðgengis að þeim, að tilefni sé til þess að kveðið verði skýrar á um slíkar heimildir í lögum“.

Umboðsmaður telur eðlilegt að ákvarðanir um lokun gatna séu viðfangsefni aðal- eða deiliskipulagsáætlana. Skipulagslög og reglugerðir tryggja hagsmunadilum víðtækan þátttöku- og athugasemdarrétt og því yrði um mikla réttarbót að ræða ef málin yrðu eftirleiðis felld í þennan farveg.

Niðurstöðu umboðsmanns sýnir að borgaryfirvöld hafa ekki gætt að lagareglum við lokanir gatna í miðbænum. Á annað hundrað eigendur fyrirtækja og atvinnuhúsnæðis á þessu svæði hafa ritað undir mótmælaskjal þar sem öllum lokunum gatna er mótmælt, enda hafa lokanir stórskaðað atvinnurekstur á svæðinu

Miðbæjarfélagið vill með bréfi þessu spyrjast fyrir um það hjá borgarráði hvernig það hyggist bregðast við hinum alvarlegu aðfinnslum umboðsmanns Alþingis.

Virðingarfyllt

f.h. Miðbæjarfélagsins

Heiða Lára Aðalsteinsdóttir formaður

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 1
101 Reykjavík

Reykjavík 6.mars 2017

**VARÐAR: UPPGIÖR VEGNA REKSTURS ENDURVINNSLUSTÖÐVA SORPU OG SVEITARFÉLAGANNA
FYRIR ÁRIÐ 2016.**

Á stjórnarfundum SORPU bs. þann 24. febrúar sl. var ársreikningur ársins 2016 afgreiddur. Jafnframt ákvað stjórn að sveitarfélögunum yrði gefin kostur á að gera upp rekstur endurvinnslustöðvanna á mismunandi hátt. Eftirfarandi er úr fundargerð stjórnarfundar:

„Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað dagsett 24.2.2017 vegna uppgjors endurvinnslustöðvanna. Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra að fyrirkomulagi uppgjors sveitarfélaganna.“

Meðfylgjandi bréfi þessu er tilvitnað minnisblað framkvæmdastjóra þar sem koma fram hugmyndir að tveimur uppgjorsleiðum.

Óskað er svara við því hvaða leið hvert sveitarfélag vill fara.

f.h. SORPU bs.


Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri

Afrit:

Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar
Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 24. febrúar 2017

V/ uppgjors endurvinnslustöðvanna

Skv. ársreikningi SORPU bs. fyrir árið 2016 er kostnaður umfram tekjur á endurvinnslustöðvunum kr. 167.920.170,-.

Í þjónustusamningi SORPU við sveitarfélögin er fjallað um hvað skuli gera með jákvæðan eða neikvæðan mismun eftir hvert reikningsár. Um þetta er fjallað í 9. gr. samningsins:

„Kostnað sem hlýst af fráviki frá áætluðu magni úrgangs eða förgunar-, endurnýtingar- eða endurvinnslukostnaði skal SORPA innheimta hjá sveitarfélögunum við ársuppgjör. Sé magn úrgangs eða kostnaður við förgun, endurnýtingu eða endurnotkun úrgangs undir áætlun skal SORPA endurgreiða sveitarfélögunum ofgreidd gjöld. Heimilt er að færa vanrúkkud eða ofgreidd gjöld milli ára þ.e. þau leggjast við eða dragast frá gjöldum næsta árs. Kostnaði sveitarfélaganna skal skipta hlutfallslega milli þeirra m.v. íbúatölu hjá hverju sveitarfélagi. Skal miða við íbúatölu hinn 1. desember næstan á undan greiðsludegi. Við ársuppgjör skal miða við sömu hlutfallstölu og viðkomandi rekstrarár.“

Skv. ofangreindu er heimilt að færa uppgjör milli ára, hins vegar getur það verið varasamt vegna hættu á uppsöfnun, sérstaklega í ljósi þess að magn á endurvinnslustöðvunum hefur vaxið verulega frá áramótu og stefnir í að erfitt verði að finna sparnað í rekstri á móti þessum útgjöldum sem af augljósum ástæðum eru ekki í áætlun ársins. Vitað er hins vegar að staða sveitarfélaganna er mismunandi til uppgjors á þessari skuld þeirra við SORPU bs. Hér eru sett upp nokkur dæmi um hvernig hægt væri að ganga frá þessum málum:

Dæmi 1, eingreiðsla

Sveitarfélag	Sveitarfélagaskipan 1. jan 2016 ¹	Eingreiðsla mars 2017
Reykjavík	57,55%	96.638.321,-
Kópavogur	15,87%	36.641.386,-
Hafnarfjörður	13,21%	22.179.002,-
Garðabær	6,87%	11.539.695,-
Mosfellsbær	4,42%	7.430.187,-
Seltjarnarnes	2,08%	3.491.579,-
SAMTALS	100%	167.920.170,-

¹ Tölur fengnar hjá Hagstofu Íslands


Einnig má hugsa sér aðrar skiptingar. Ef greiðslum yrði skipt niður á 10 mánuði yrðu mánaðarlegur greiðslur sem hér segir:

Sveitarfélag	Skipting	Mánaðarleg afborgun	Vextir* á tímabilinu	Samtals
Reykjavík	57,55%	9.663.832,-	1.860.288,-	98.498.609,-
Kópavogur	15,87%	2.664.139,-	512.847,-	27.157.233,-
Hafnarfjörður	13,21%	2.217.900,-	426.946,-	22.605.947,-
Garðabær	6,87%	1.153.970,-	222.139,-	11.761.834,-
Mosfellsbær	4,42%	743.019,-	143.031,-	7.573.218,-
Seltjarnarnes	2,08%	349.158,-	67.213,-	3.558.792,-
SAMTALS	100%	16.792.017,-	3.232.463,-	171.152.633,-

* Vextir reiknast tímabilið mars 2017 – desember 2017. Vaxtaþrósentu miðast við almenna innlánsvexti sem SORPU standa til boða í sínum viðskiptabanka.

Einhverjar aðrar samsetningar má skoða en það er tillaga undirritaðs að sveitarfélögunum verði gefið val um hvernig frá þessu verður gengið.

Virðingarfyllt,



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri

14. mars 2017

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútværps), 120. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 30. mars nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is <<mailto:nefndasvid@althingi.is>>

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalíð er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/146/s/0179.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html <<http://www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html>>

Kveðja,

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
ritari nefndasviðs Alþingis



Afbrotatölfræði

febrúar 2017



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Samantekt

Aðferð

Í skýrslu þessari eru teknar saman mánaðarlega lykiltölur embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Einungis er um bráðabirgðatölur að ræða. Fjöldinn getur breyst með brotum sem kærð eru seint og því verið frábrugðinn endanlegum tölum.



Hér að neðan er fjöldi afbrota í febrúar borinn saman við meðalfjölda brota síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan út frá staðalfrávikum. Með því að reikna staðalfrávik er hægt að áætla neðri og efri mörk brota síðastliðna sex og 12 mánuði á undan sem nýtast til þess að leggja mat á hve marktækar breytingarnar í febrúar eru miðað þessi mörk.

	Janúar 2017	Febrúar 2017	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	738	562	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Þjófnaður	326	241	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Þjófnaður - innbrot	91	48	Fækkar	Fækkar
Manndráp og líkamsmeiðingar	112	76	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	6	6	Fjölgar	Fjölgar
Kynferðisbrot	11	8	Fækkar	Fækkar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	9	3	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	115	101	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	21	24	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	109	78	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Umferðarlagabrot	693	716	Innan marka	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	98	89	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	75	64	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	30	12	Fækkar	Fækkar
Slys	45	40	Innan marka	Innan marka



Hegningarlagabrot

- Skráðar voru 562 tilkynningar um hegningarlagabrot í febrúarmánuði.
- Skráðum hegningarlagabrotum fækkar miðað við útreiknuð mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa verið skráð eitt prósent fleiri tilkynningar um hegningarlagabrot samanborið við meðaltal síðustu þriggja ára.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Hegningarlagabrot	Oktober 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Staða breytinga %
6 mánaða meðaltal	562	711	658	765	-145	-20%
12 mánaða meðaltal	562	707	664	765	-149	-21%



Þjófnaðir

- Skráð var 241 tilkynning um þjófnað í febrúar og fækkar tilkynningum töluvert á milli mánaða. Ekki hafa borist jafn fáar tilkynningar um þjófnaði í einum mánuði frá því að samræmdar skráningar á brotum hófust hjá lögreglu árið 1999.
- Fjöldi tilkynnta þjófnaða fækkar miðað við útreiknuð mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Á milli mánaða fækkaði tilkynningum um allar tegundir þjófnaða, nema þjófnaði á reiðhjólum sem að fjölgaði.
- Tilkynntum þjófnum hefur fækkað um eitt prósent samanborið við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Þjófnaður	Febrúar 2017		Meðalt.		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga	
	Fjöldi	Staða	Fjöldi	Staða	Neðri	Efri	+/-	%	Mikil fækkun	Mikil fækkun
6 mánaða meðaltal	241		319		293	344	-78	-24%	Mikil fækkun	
12 mánaða meðaltal	241		317		289	346	-76	-24%	Mikil fækkun	



Innbrot

- Í febrúar voru 48 innbrot tilkynnt lögreglu. Tilkynntum brotum fækkar töluvert á milli mánaða.
- Tilkynningum um innbrot fækkar miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist fjögur prósent fleiri tilkynningar um innbrot borið saman við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Innbrot	Febrúar 2017		Meðalt.		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga	
					Neðri	Efri	+/-	%		
6 mánaða meðaltal	48	71	54	87	-23	-32%	Fækkar			
12 mánaða meðaltal	48	72	56	87	-24	-33%	Fækkar			



Ofbeldisbrot

- Í febrúar bárust lögreglu 76 tilkynningar um ofbeldisbrot. Tilkynningum fækkar töluvert á milli mánaða.
- Skráðum ofbeldisbrotum fækkar mikið miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist sjö prósent fleiri tilkynningar um ofbeldisbrot samanborið við meðaltal fyrir sama tímabil síðustu þriggja ára á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Ofbeldisbrot	Febrúar 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Efri	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	76	104	95	112	-28	Mikil fækkun
12 mánaða meðaltal	76	97	87	107	-21	Mikil fækkun



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Ofbeldi gagnvart lögreglumanni





Ofbeldi gagnvart lögreglumanni

- Í febrúar voru skráð sex tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 50 prósent fleiri tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.


Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni

- Í febrúar voru skráð fjögur tilvik þar sem lögreglumanni var hótað ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 50 prósent fleiri tilvik en að meðaltali síðustu þrjú ára áður.

Ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.





Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Kynferðisbrot—dags. brots

- Tilkynt var um átta kynferðisbrot sem áttu sér stað í febrúar. Eru það færri brot en í janúar.
- Fjöldi tilkyntra kynferðisbrota fækkar í febrúar miðað útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði.
- Tilkynningar um kynferðisbrot voru um 39 prósent færri samanborið við meðalfjölda fyrir sama tímabil árin 2014 til 2016.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem áttu sér stað í hverjum mánuði fyrir sig á tímabilinu.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.


Kynferðisbrot	Febrúar 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/- %	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	8	16	11	20	-8 -49%	Fækkar
12 mánaða meðaltal	8	18	12	23	-10 -54%	Fækkar




Kynferðisbrot—dags. tilkynnt

- Tilkynnt var um 21 kynferðisbrot í febrúar. Tilkynningum fylgar á milli mánaða.
- Fjöldi tilkynnta kynferðisbrota í febrúar fækkar mikið miðað við neðri mörk síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Tilkynntum kynferðisbrotum hefur fækkað um 24 prósent miðað við meðaltal fyrir sama tímabil síðustu þriggja ára á undan.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem voru tilkynnt í hverjum mánuði fyrir sig, burt séð frá því hvenær brotið átti sér stað.



Kynferðisbrot	Febrúar 2017		Meðalt.		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga	
	Fjöldi	Staða	Fjöldi	Staða	Neðri	Efri	+/-	%	Innan marka	Innan marka
6 mánaða meðaltal	21		21		11	31	0	2%	Innan marka	
12 mánaða meðaltal	21		23		14	31	-2	-7%	Innan marka	





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Heimilisofbeldi

- Alls barst 31 tilkynning um heimilisofbeldi í febrúar. Tilkynningum fækkar töluvert á milli mánaða og hafa ekki verið eins fáar í einum mánuði frá því að nýtt verklag tók gildi 12. febrúar 2015.
- Tilkynningum um heimilisofbeldi fækkar í febrúar samanborið við neðri mörk síðustu sex og síðustu 12 mánaða á undan.
- Nú í febrúar bárust sex prósent færri tilkynningar um heimilisofbeldi en bárust að meðaltali í febrúar síðustu þjú ár á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Heimilisofbeldi	Febrúar 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Staða breytinga %
6 mánaða meðaltal	31	56	51	61	-25	-45%
12 mánaða meðaltal	31	54	48	59	-23	-42%

10 Um er að ræða bráðabirgðartölur sem geta tekið breytingum vegna yfirferðar á skráningum í tengslum við nýtt verklag



Leit að týndum ungmennum

- Alls bárust 14 beiðnir um leit að týndum börnum og ungmennum í febrúar. Eru það færri beiðnir en í desember.
- Fjöldi beiðna sem bárust lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í febrúar eru innan marka miðað við fjölda síðustu sex mánaða og síðustu 12 mánaða á undan.
- Það sem af er ári hafa borist 35 prósent fleiri leitarbeiðnir en bárust að meðaltali síðustu tvö ár á undan. Fjöldinn er þó svipaður og á sama tíma árið 2015.





Fjöldi verkefna það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Leitarbeiðnir	Febrúar 2017	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-
6 mánaða meðaltal	19	19	14	24	0
12 mánaða meðaltal	19	16	11	22	3
					%
					-1%
					16%



Eignaspjöll

- Í febrúar voru skráðar 104 tilkynningar um eignaspjöll.
- Fjöldi tilkynninga um eignaspjöll í heild eru innan mörk miðað við fjölda síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist fimm prósent fleiri tilkynningar um eignaspjöll samanborið við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.
- Á milli mánaða fjölgaði tilkynningum um rúðubrot og veggjakrot.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Eignaspjöll	Febrúar 2017		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga	
	Meðalt.	Meðalt.	Neðri	Efri	+/-	%	Innan marka	Innan marka
6 mánaða meðaltal	104	106	93	119	-2	-2%	Innan marka	Innan marka
12 mánaða meðaltal	104	108	98	118	-4	-3%	Innan marka	Innan marka




Nytjastuldur ökutækja

- Skráð voru 24 tilkynningar um nytjastuld á vélknúnum farartækjum í febrúar.
- Fjöldi tilkynninga um nytjastuldi eru innan marka miðað við síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Tilkynningarnar eru um 17 prósent færri miðað við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.



Nytjastuldir	Febrúar 2017	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
			Neðri	Efri	%
6 mánaða meðaltal	24	24	18	30	0%
12 mánaða meðaltal	24	29	21	36	-16%





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Fíkniefnabrot

- Í febrúar var skráð 81 fíkniefnabrot á höfuðborgarsvæðinu. Skráðum brotum fækkar á milli mánaða.
- Skráðum fíkniefnabrotum fækkar miðað reiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Skráð voru þrjú stórfellt fíkniefnabrot í febrúar.*
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 25 prósent færri fíkniefnabrot samanborið við meðalfjölda sama tímabils síðustu þriggja ára.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Fíkniefni	Febrúar 2017		Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga	
	Meðalt.	Neðri	Efri	+/-	%	Mikil fækkun	Mikil fækkun	
6 mánaða meðaltal	78	97	119	-30	-28%			
12 mánaða meðaltal	78	96	124	-32	-29%			




Umferðarlagabrot

- Skráð voru 716 umferðarlagabrot* í febrúar. Skráðum umferðarlagabrotum fjölga lítillega á milli mánaða.
- Skráð umferðarlagabrotum eru innan reiknaðra marka síðastliðna sex og 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 49 prósent færri umferðarlagabrot samanborið við meðalfjölda á sama tímabili síðustu þrjú ár á undan.



Umferðarlagabrot	Febrúar 2017	Meðalt.	Mörk	Breyting frá	Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/- %
6 mánaða meðaltal	716	751	698	803	-35 -5%
12 mánaða meðaltal	716	909	693	1.124	-193 -21%



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.

Akstur undir áhrifum

Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna


- Skráð voru 89 brot þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna í febrúar.
- Skráð brot eru innan reiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Brotum hefur fjölgað um 35 prósent það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.

Ölvun við akstur

- Skráð voru 64 brot þar sem ökumaður var grunaður um ölvun við akstur. Skráðum brotum fækkar á milli mánaða.
- Skráð brot eru innan marka miðað við síðustu sex og síðustu 12 mánuði.
- Brotum hefur fjölgað um 34 prósent samanborið meðalfjölda á sama tímabili síðustu þrjú ár á undan.


■ Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna

■ Ölvun við akstur



■ Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna

■ Ölvun við akstur



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Þróun á löggæslusvæði 1

- Hér er fjöldi afbrota í febrúar borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjú mánuði á svæði lögreglustöðvar 1, sem nær yfir Miðborg, Vesturbæ, Seltjarnarnes, Háaleiti, Hlíðar og Laugardal.

	Janúar 2017	Febrúar 2017	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	359	271	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Þjófnaður	176	117	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Þjófnaður - innbrot	37	19	Fækkar	Fækkar
Mannráp og líkamsmeiðingar	52	38	Mikil fækkun	Fækkar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	3	3	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	5	5	Innan marka	Fækkar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	5	3	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	51	59	Mikil fjölgun	Fjölgar
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	12	10	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	28	33	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot	245	268	Fækkar	Fækkar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	21	29	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	34	27	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	7	2	Fækkar	Mikil fækkun
Slys	19	15	Innan marka	Innan marka



Þróun á löggæslusvæði 2

- Hér er fjöldi afbrota í febrúar borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjú mánuði á svæði lögreglustöðvar 2, sem nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ og Áltanes.

	Janúar 2017	Febrúar 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	107	60	Mikil fækkun	Fækkar
Þjófnaður	33	22	Fækkar	Fækkar
Þjófnaður - innbrot	13	1	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Manndráp og líkamsmeiðingar	19	13	Fækkar	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	0	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	2	1	Fækkar	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	1	0	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	26	12	Innan marka	Innan marka
Nyftjastuldur vélknúinna farartækja	1	3	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	19	18	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot	149	119	Fækkar	Fækkar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	29	16	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	15	10	Mikil fækkun	Fækkar
Innbrot á heimili	6	0	Fækkar	Fækkar
Slys	12	9	Innan marka	Innan marka



Þróun á löggæslusvæði 3

- Hér er fjöldi afbrota í febrúar borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 3, sem nær yfir Breiðholt og Kópavog.

	Janúar 2017	Febrúar 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	161	134	Innan marka	Fækkar
Þjófnaður	77	64	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	30	20	Innan marka	Innan marka
Miandráp og líkamsmeiðingar	19	12	Mikil fækkun	Fækkar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	3	1	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	2	0	Mikil fækkun	Fækkar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	1	0	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	21	23	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	6	4	Fækkar	Fækkar
Fíkniefni	26	13	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Umferðarlagabrot	178	169	Fjölgar	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	24	26	Innan marka	Fjölgar
Ölvun við akstur	16	19	Innan marka	Fjölgar
Innbrot á heimili	11	7	Innan marka	Innan marka
Slys	9	9	Innan marka	Innan marka



Þróun á löggæslusvæði 4

- Hér er fjöldi afbrota í febrúar borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjú mánuði á svæði lögreglustöðvar 4, sem nær yfir Ár-
bæ, Grafarvog, Grafarholt, Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjósarhrepp.

	Janúar 2017	Febrúar 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	92	75	Fækkar	Fækkar
þjófnaður	34	30	Fækkar	Innan marka
þjófnaður - innbrot	11	8	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	20	11	Fækkar	Fækkar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	2	Innan marka	Mikil fjölgun
Kynferðisbrot	1	0	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	2	0	Innan marka	Fækkar
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	16	7	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	2	6	Fjölgar	Innan marka
Fíkniefni	35	14	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Umferðarlagabrot	115	156	Innan marka	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	23	18	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	10	8	Fækkar	Fækkar
Innbrot á heimili	6	3	Innan marka	Innan marka
Slys	5	7	Innan marka	Innan marka



Góðan dag,

Meðfylgjandi er samantekt um skipulag og starfsemi á Grundartanga, en skýrslan er uppfærsla á skýrslu sem gerð var um sama efni árið 2011.

Ef ábendingar eru um eitthvað sem betur má fara eru þær ábendingar vel þegnar.


Kveðja Gísli Gíslason, hafnarstjóri.

Kveðja,
Lilja María Sigfúsdóttir
Faxaflóahafnir sf
Sími: 5258907
netfang: lilja@faxafloahafnir.is



Grundartangahöfn

Skipulag og starfsemi



Gísli Gíslason, hafnarstjóri
Mars 2017



Grundartangahöfn

Skipulag og starfsemi

Inngangur.

Grundartangahöfn er byggð í landi Klafastaða, sem tilheyrði áður Skilmannahreppi, en nú Hvalfjarðarsveit. Jörðin liggur að landi Vestra Kataness en þar austan við er Eystra Katanes, sem áður voru ein jörð í Hvalfjarðarstrandahreppi en nú Hvalfjarðarsveit. Allar jarðirnar tilheyra landnámi þeirra Þormóðs og Ketils Bresasona og eru nú hluti iðnaðar-, athafna og hafnarsvæðinu á Grundartanga.

Jörðin Katanes sem áður var óskipt er frá landnáms tíð og eru leiddar líkur að því að bæjarnafnið sé dregið af írsku eða skoska nafnorðinu kati, sem er fornt báts- eða skipsheiti, sbr. Caitnes í Skotlandi. Væri það í góðu samræmi við þá vitneskju, að Katanes var forn ferjustaður, þar sem stysta leiðin var þaðan yfir Hvalfjörð til Hvaleyjar. Í Kataneslandi eru skráð á annað hundrað örnefni og langtum fleiri en á nokkurri annarri bújörð í landnámi Bresasona. Meðal annars er þar vogur eða vík sem heitir Leynir og svo Katanestjörninn sem frægust er fyrir Katanesdýrið, en sá kvittur komst á kreik árið 1874 að í tjörninni væri verustaður dýrs eða ófreskju og er allnokkur saga til um glímu búaðliðs við að vinna á dýrinu. Var dýrið m.a. sagt hafa:

"sex stórar klær á hverjum fæti eða löpp, en fæturnir stuttir, kjaffurinn ákaflega mikill og framtennur fjórar í, miklar og hvassar, eyru hafði það lafandi, en þó sáu menn það reisa þau beint upp. Hvorki sáu menn hár né hreistur á húð þess, heldur því líkast sem hausinn og halinn væri húðlaus og sæi í rauða kvikuna".

Þjóðsögur og dulræn fyrirbæri:

Katanesdýrið

- af því leggur megnu fýlu og óðaun

Á seimni hluta niðandu ablar varð vart við alrinnu rétt hjá Kataness á Hvalfjarðarströnd árið 1874. Þetta olli nokkru ógæðum og var m.a. þóttur af loftþungu af flögu op-
inberna til að ljósmyrka dýrið og skjöta en hvegnst töst.
Að lokum hvarf kvikandið eins skyndilegt og það hvarf.

Hauss sem líkast mest rýflöggu kjöti
Dýrins varð fyrst vart á Kataness á Hvalfjarðarströnd árið 1874. Úraglugar á stöðnum sögðust hafa séð óvegnlegt dýr koma upp úr Katanestjörni og hvarfa óðan í hana aftur. Þeir gátu ekki lýst því nákvæmlega en sögðu að það væri á stöð við úðann hand.
Ári síðna sögðust menn eit sé þessu skögnu á svipuðum alðum og virtist hún hafa verið mikil. Þegar hún var komið sögu voru menn sam-

mála um að dýrið væri á stöð við þessu vöru raungríp. Væri það með allangan digran skrokk og rauðan hana sem líkast mest hveggu eða rýflöggu kjöti og taplaga tveggja metra langan.

það með sex stórar klær á hverjum fæti og vísaði ein þeirra beint aftur en fæturnir væru stuttir. Dýrið væri með stóran kjá og fjórar hvassar framtennur í

meðna skelti en tvaar stórar vögur í þeim efri eyrum líng og lafandi. Aðrir höfðu þó sagt að eyrun væru rist.
Sagt var að dýrið stykkli freskar en gætt og af því legði megnu fýlu og óðaun.

Katanesdýrið
Það er með allangan skrokk og rauðan hana sem líkast mest hveggu eða rýflöggu kjöti

Syndir hratt
Þeir sáu sáu kvikandið í tjörni hafi sögðu að það sýni miklu hratt en það virtist vera heglara á landi. Menn sögðust þó hafa séð það einangra kind frá fjárbópi enda hafðu myndir sauðar og kindar þar um stöðu eftir að skrinandi fór á sjó. Dýrið virtist hafa séð það til að reisa frá tjörninni því oft sést það ekki ógæm samna við hana.

Setið fyrir Katanesdýrinu
Hámi átti ákvæði þeir menn að sitja fyrir dýrinu og reyna að skjóta það. Þeir sátu við tjörnina í nokkra daga en þess að verða vart við það. Sama dag og þeir gættu upp eit Katanesdýrið smáindreg hóm að þu en hvarf svo aftur.
Í dag er talið að rassa fram Katanestjörn og því líti von um að finna dýrið þar. -Kjip

Þegar bændur voru úrkula vonar um að finna dýrið og vinna á því þá brugðu þeir á það ráð að grafa mjóan skurð, Dýrskurð, frá sjó og upp í suðausturhorn tjarnarinnar til að fanga mætti ófreskjuna á þurru. Skömmu eftir aldamótin 1900 voru aftur uppi ráðagerðir um að þurrka Katanestjörn upp til að vinna land og var þá grafinn breiður skurður, Bjarnaskurður, en klöpp var fyrir og verkið gagnslaust.



Yfirlitsmynd yfir Katanestjörn, Grundartanga, séð út fjörðinn.

Um árið 1950 var verkið hins vegar fullkomnað með skurði sem kallast Affallið. Spölkorn utan (vestan) við Affallið eru leifar Ferjubryggju, sem 1946-1947 var hlaðin til að þjóna fyrirhuguðum ferjuflutningum yfir fjörðinn. Er haft fyrir satt að bóndinn sem gerði samning við ferjuáhugamenn hafi kveðið á um að hann og hundurinn hans fengju fyrir lífstíð ókeypis í ferjuna.

Eigenda saga

Faxaflóahafnir sf. keyptu jörðina Katanes af ríkissjóði árið 2006 ásamt lóðunum undir iðjuverunum á Grundartanga. Klafastaðir eru vestan Kataness og einnig frá landsnámstíð og nýtt til hefðbundins búskapar frá þeim tíma. Fjöldi örnefna er á jörðinni, m.a. örnefnið Grundartangi sem var klettatangi, sem skagaði út í sjó en er nú undir landfyllingu. Árið 1942 var tveimur fallbyssum og stórum ljóskösturum komið fyrir neðan við bæinn á Klafastöðum og þyrping breskra herskála eða bragga (Camp Carts) var reist skammt norðan við bæinn, á Kvíaholti og þar um kring, og höfðust þar við allt að 150 hermenn. Sumarið 1941 var steypt festing í 37 blikktunnur fyrir kaþátagirðingu þá sem lögð var þvert yfir Hvalfjörð og náði landi utan við Hvalfjarðareyri og Útskálahamar sunnan fjarðar. Annað kaþátanet var frá norðurlandinu innan við Kalastaðakot fram í fjörðinn.



Land Faxaflóahafna sf, landyllingar og deiliskipulagt svæði.

Hafnarsjóður Grundartangahafnar keypti meginhluta jarðarinnar Klafastaða árið 2003 af Guðmundi Sigvaldasyni, jarðeðlisfræðingi, en hann hafði árin þar á undan unnið að umfangsmikilli gróðursetningu trjáplantna við Eiðisvatn.


Þegar ákveðið var að byggja kísiljárnverksmiðju á Grundartanga var samhlíða ákveðið að byggja nauðsynleg hafnarmannvirki. Umræða um byggingu verksmiðjunnar á Grundartanga átti sér stað um og í kringum árið 1975. Íslenska Járblendifélagið hf. nú Elkem Ísland ehf., var stofnað árið 1975 og hófust byggingarframkvæmdir við verksmiðjuna árið 1977, en framleiðsla hófst árið 1979. Fyrsti áfangi Grundartangahafnar var byggður á sama tíma, en um var að ræða 180 metra viðlegukant ásamt baklandi. Samið var um eignarhald hafnarinnar þannig að sýslunefndir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu áttu samtals 25% eignarhlut í höfninni, Innri Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur og Hvalfjarðarstrandahreppur áttu 10% hlut hver, en Akraneskaupstaður átti 35% eignarhlut. Hlut sýslunefndanna var skipt á sveitarfélögin í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu þegar sýslunefndir voru lagðar af. Þegar Grundtangahöfn varð hluti Faxaflóahafna sf. þann 1. janúar 2005 voru eigendur hafnarinnar Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Skorradalshreppur og hrepparnir fjórir sunnan Skarðsheiðar, sem síðar sameinuðust í Hvalfjarðarsveit árið 2006.



Grundartangi á áttunda áratugnum við upphaf undirbúningsframkvæmda.



Grundartangahöfn þjónaði aðallega Íslenska Járblendifélaginu hf., nú Elkem, allt þar til árið 1998 að Norðurál hf. hóf þar stafsemi, en Sementsverksmiðjan notaði einnig höfnina til innflutnings á kolasalla auk þess sem ýmis smærri innflutningur fór um höfnina. Rekstur hafnarinnar á þessum árum var í höndum starfsmanna járnblendiverksmiðjunnar. Árið 2000 gerðu Akraneshöfn og Grundartangahöfn með sér samning um að Akraneshöfn annaðist rekstur hafnarinnar, en fyrirtækið Klafi hf., sem er í eigu Elkem og Norðuráls annaðist móttöku, losun og lestun skipa og gerir enn í dag auk þess sem fleiri fyrirtæki annast þá þónustu.



Grundartangahöfn, hafnarbakkaáfangar.

Fyrsti áfangi hafnarinnar var byggður með styrk úr ríkissjóði og mótframlagi eignaraðila skv. þágildandi hafnalögum, en allar framkvæmdir síðan hafa verið fjármagnaðar af Grundartangahöfn og síðar Faxaflóahöfnum sf. Árið 1998 var höfnin stækkuð þannig að þá var kominn um 250 metra viðlegukantur, Tangabakki og bakland. Í tengslum við byggingu verksmiðju Norðuráls og á árunum 2004 – 2006 voru bryggjumannvirkin lengd enn um 250 metra. Árið 2015 var hafnarbakinn lengdur um rúma 120 metra þannig að heildarlengd viðlegukanta eru nú 760 metrar. Á sama tíma hefur bakland hafnarinnar verið að þróast og stækka auk þess sem til hafa orðið lóðir á hafnarsvæðinu og í nágrenni þess. Heildar landfyllingar á Grundartanga í árslok 2016 eru 16.5 ha. Hafnarsjóður Grundartangahafnar keypti á árinu 2003 land Klafastaða, þann hluta sem ekki hafði áður verið keyptur undir verksmiðjur af ríkinu, eins og fyrr segir, alls um 325,0 hektara og tryggði sér þannig framtíðar þróunarland. Á árinu 2006 keyptu Faxaflóahafnir sf. af ríkissjóði land Eystra- og Vestra Kataness og lóðirnar undir stóriðjuverunum á Grundartanga og yfirtók um leið skuldbindingar og réttindi ríkisins varðandi lóðarleigusamninga iðjuveranna.

Við byggingu verksmiðja Elkem og Norðuráls gerði ríkissjóður langtímasamninga um lóðarleigu og Grundartangahöfn samninga um endurgjald fyrir flutninga um höfnina. Þessir samningar eru annars vegar frá árinu 1979 og hins vegar frá árinu 1998 með framlengingarheimildum um 20 ár í senn.

Landlýsing og landgæði.

Land á Grundartanga saman stendur af þremur jörðum, Eystra Katanesi, Vestra Katanesi og Klafastöðum. Heildarstærð þessara jarða er 775.2 ha og er þá tekin með hlutdeild þessara jarða í vötnum, þ.e. Eiðisvatni, Hólmavatni, Katanestjörn og hinni uppbornuðu Kríltjörn. Faxaflóahafnir sf. er ekki eini eigandi þessa jarða en Elkem á 24,5 ha svæði, þar sem heitir Mörk. Vestra Miðfelli fylgir 54,0 ha lands úr landi Vestra Kataness. Heildarlandstærð Faxaflóahafna sf, úr þessum þremur jörðum er 684.4 ha, ef hlutdeild í vötnum er talið með. Land Faxaflóahafna úr þessum þremur jörðum án vatna er 637,2 ha.

Skipulagt land samkvæmt deiliskipulagi nær hins vegar einnig yfir landfyllingar sem komnar eru á Grundartanga og væntanlegar landfyllingar, samtals 686.5 ha. Þessu svæði er í samræmi við deiliskipulag skipt upp í skipulagt land, 496,7 ha og annað land, 189,9 ha, samtals 686.5 ha. Landfyllingar sem hófust með tilkomu hafnargerðar um 1978 eru í árslok 2016, 16,5 ha en skipulagt land skv. deiliskipulagi sem á eftir að fylla er 32,8 ha

Stærstur hluti landsins er sunnan og austan þjóðveg nr. 1, en eignarland Faxaflóahafna sf. nær einnig norður og vestur fyrir þjóðveg nr. 1 upp í Akrafjall, en það land, auk lands sunnan við Eiðisvatn verður látið óhreyft nema til skógræktar samtals 189,8 ha.



Yfirlitsmynd, heildarstærðir jarða Klafastaða, Vestra- og Eystra Kataness á Grundartanga.

Meginkostur lands á Grundartanga er að grundun bygginga er fremur auðveld, land hentar ágætlega til landmótunar þó rétt um 50 metra hæðarmunur sé frá sjó að þjóðvegi 1 í landi Klafastaða vestan iðjuveranna. Þessu fylgir að kostur er á grjótnámi sem kemur að góðum notum við hafnargerð, landgerð og aðrar framkvæmdir. Land Kataness er hins vegar fremur flatt. Lífrænn jarðvegur í lóðum og landsvæðum sem framkvæmdir ná til yrði fluttur í manir og notaður til landmótunar innan svæðis á landi Faxaflóahafna sf.

Ætla má að hluti fyllingarefnis fáiast úr framkvæmdum við lóðir og gatnagerð á Grundartangasvæðinu.

Auk lóða iðjuveranna tveggja á Grundartanga eru í árslok 2016 skráðar 19 úthlutaðar lóðir á svæðinu. Lóðirnar eru samtals að flatarmáli um 152.7 ha. Þar af er 149.1 ha af upphaflegu landi en 3,6 ha



landfylling. Af upphaflegu landi eru lóðir þ.e. óútvísað land alls 298.3 ha og þar af 13.0 ha. landfylling. Fjöldi lóða eru til skipulagðar á Grundartanga af fjölbreytilegum stærðum en fara þarf í gatnagerð og efnisvinnslu samhliða úthlutun lóða á hverjum tíma.



Yfirlitsmynd, skipulagt land og annað land.

Lýsing á landstærðum

Hektarar

Jarðir á Grundartanga, Eystra Katanes, Vestra Katanes og Klafastaðir.

Jörðin Eystra Katanes með vötnum	146,2
Jörðin Vestra Katanes með vötnum	200,0
Jörðin Klafastaðir með vötnum	429,0
Samtals jarðir á Grundartanga með vötnum	775,2

Skipting jarða á Grundartanga

Land Faxaflóahafna án vatna	637,2
Landspilda í Vestra Katanesi án vatna í eigu Jón Valgarðssonar, Miðfelli	54,0
Landspilda, Mörk í eigu Elkem	24,5
Vötn innan jarðarmarka. Eiðisvatn, Hólmatjörn, Kriltjörn og Katanestjörn	59,4
Samtals jarðir á Grundartanga með vötnum	775,2

Skipulagt landsvæði Faxaflóahafna sf.

Land Faxaflóahafna án vatna	637,2
Landfyllingar, 1978 - 2016, í árslok 2016	16,5
Skipulagt land ófyllt.	32,8
Heildar svæði Faxaflóahafna. (Upphafl. land, landfyllingar og ófyllt land)	686,5



Landnýting. Heildarsvæði Faxaflóahafna sf. skv. deiliskipulagi

Annað land	189,8
Skipulagt land	496,7
Heildar svæði Faxaflóahafna, skipulagt land og annað land.	686,5

Lóðir, útvísað land	m ²		ha
Hafnargata 2 (Vakthús FFH)	175		0,02
Katanesvegur 1 (Elkem)	131.744		13,17
Katanesvegur 3 (GGT og Meitill)	10.500		1,05
Katanesvegur 5-7 (Norðurál)	1.291.000		129,10
Katanesvegur 8 (Norðurál tankar)	17.905		1,79
Katanesvegur 14 (Bessastaðir)	2.664		0,27
Katanesvegur 16 (Norðurál sjódælustöð)	1.600		0,16
Klafastaðavegur 1 (Lífland)	13.599		1,36
Klafastaðavegur 2 (Stálsmiðjan)	4.601		0,47
Klafastaðavegur 2a (Rarik)	92		0,01
Klafastaðavegur 4 (Kratus)	4601		0,46
Klafastaðavegur 5 (Eimskip)	7.439		0,74
Klafastaðavegur 12 (Hamar)	4.500		0,45
Leynisvegur 1 (Landsnet)	15.463		1,55
Leynisvegur 6 (Snókur)	4.060		0,41
Mýrarholtsvegur 2 (Rafmiðlun)	1.893		0,19
Tangavegur 1 (Héðinn)	3.668		0,37
Tangavegur 2 (Tækjahús Míla)	100		0,01
Tangavegur 4-6 (Rarik)	375		0,04
Tangavegur 7 (GMR)	10.429		1,04
Tangavegur 8 (Vatnsveitufélag)	268		0,03
Samtals lóðir, útvísað land			152,68

Annað land.

Núverandi skógrækt	50,0
Áætluð skógrækt	70,0
Annað land án skógræktar	69,9
Annað land samtals	189,9

Möguleg viðbótarlandfylling samkvæmt gildandi aðalskipulagi.

Austursvæði	30,0
Vestursvæði	11,0
Möguleg viðbótarlandfylling samkvæmt gildandi aðalskipulagi, samtals	41,0


Austast í landi Kataness er Kalmansá, sem rennur úr Hólmatvatni. Við ósa árinna og vestur með ströndinni er æðarvarp og talsvert fuglalíf. Við Eiðisvatn er nokkur trjárækt á um 40 hektara svæði auk þess sem víða hafa verið settar niður trjáplöntur í landi Klafastaða. Til stendur að fara í áframhaldandi skógrækt á Grundartanga í samvinnu við fagaðila enda liggur nú fyrir hvaða land er til ráðstöfunar í því sambandi. Við framkvæmdir á Grundartanga hefur þurft að færa tré og er þeim þá plantað innan svæðis í útvísað land þar sem hægt er. Stærstur hluti þeirra trjáa sem til falla er því notaður á

Grundartanga á grænum svæðum og jarðvegsmönnum við þjóðveg 1. Samstarf hefur verið milli Hvalfjarðarsveitar og Faxaflóahafna sf. um verkefni fyrir sumarvinnustörf í sveitarfélaginu. Framundan er frekari grisjun trjáa á Grundartanga og síðan stýttist í að hluti skógarins verði nytjaskógur þar sem komið er að því að fella tré og koma þeim í verð og planta að nýju í svæðin.


Endurheimt Katanestjarnar hefur aukið fuglalíf umhverfis tjörnina til muna og fyrir liggur að grunnvatnsstaðan hefur hækkað á svæðinu, en skurðir hafa m.a. verið fylltir og sléttá úr uppgreftri.

Gildandi skipulag.

Í gildi er aðalskipulag fyrir Grundartanga, sem gerir ráð fyrir um 167,0 hektara iðnaðarsvæði, um 145,0 hektara athafnasvæði í landi Klafastaða og um 135,0 hektara athafnasvæði í landi Kataness. Þá er gert ráð fyrir um 53ja hektara hafnarsvæði, sem er tæpir 15,0 hektarar í dag og um 16,0 hekturum sem blönduðu athafna- og hafnarsvæði.




Gildandi aðalskipulag.



Yfirlitsskýringar Grundartangarsvæðis samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

Deiliskipulag Austursvæðis.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir hafnarvæði syðst í landi Kataness ásamt landfyllingum. Norðan í svæðinu er athafnasvæði, iðnaðarsvæði og endurheimt Katanestjarnar, en grænu svæði haldið austast í landinu meðfram ströndinni og upp með Kalmannsó. Í deiliskipulaginu er gerð grein fyrir hvernig Faxaflóahafnir sf. hyggjast nýta það land sem til ráðstöfunar er á svæðinu, hluti landsins er skilgreindur sem iðnarvæði fyrir með lágmarks umhverfisáhrif og fellur undir ákvörðun hafnarstjórnar og samkomulag við Hvalfjarðarsveit um hvernig fyrirtæki koma inná svæðið. Í ljósi þess að mörg fyrirtæki með mismunandi rekstur og hafnsækni er nauðsynlegt til framtíðar að skoða betur hvernig þróun og landformun á svæðinu verði best hagað m.t.t. þeirra hafnarmannvirkja sem komin eru. Einnig þarf að hyggja að í framtíðinni uppbyggingu á Katanessvæðinu sem myndi þjóna þeirri starfsemi sem þar byggist upp á komandi árum.



Deiliskipulag Vestursvæðis.

Fyrirtæki og starfsemi á Grundartanga.

Allmörg fyrirtæki eru nú starfandi á Grundartanga en stærst þeirra Norðurál. Þar starfa nú liðlega 600 manns á svæðinu hvern dag. Hjá Elkem starfa alls 200 manns. Þá eru eftirfarandi fyrirtæki með starfsemi á Grundartanga auk Faxaflóahafna sf:

Héðinn hf.	11 – 15 störf.
Stálsmiðjan hf.	10 – 15 störf.
GTT ehf. / Meitill ehf.	72 störf
Hamar hf.	20 störf.
Klafi ehf.	17 störf.
Lífland hf.	5 störf.

Múlakaffi	4 störf
ISS ehf	4 störf

Snókur	27 störf
Rafmiðlun	8 störf
Kratus	12 störf

Alls eru því rétt innan við 200 störf á svæðinu hjá þessum aðilum auk þeirra 800 starfa, sem eru hjá Elkem og Norðuráli. Þar að auki eru til viðbótar afleidd störf í verktöku og ýmis konar þjónustu.

Fjöldi fyrirtækja í nágrenni Grundartangahafnar er auk þess með starfsemi á svæðinu sem tengist ýmis konar þjónustu við hafnarsvæðið og fyrirtæki sem þar eru staðsett. Þar er hægt að telja til fyrirtæki eins og Snók hf., Hróar sf., Mílu ehf., Fjarska ehf., Skagaverk ehf. og RARIK svo einhver fyrirtæki séu nefnd. Landsnet rekur aðveituistöð auk þess sem starfsmenn Eimskipa koma á



Grundartanga til að losa og lesta skip félagsins. Auk þess má nefna ýmis konar þjónustu og verktakastörf sem unnin eru á svæðinu.


Starfsmenn Klafa ehf. og starfsmenn Eimskipa annast móttöku skipa að hluta til og sjá um losun þeirra og lestun. Nýr gámakrani í eigu Eimskipa er á Grundartanga og notaður til losunar og lestunar. Súrál til Norðuráls er losað úr skipum með sérstökum sogbúnaði í eigu Norðuráls og flytur súrálið í súrálsturna. Sá galli er á þeim búnaði að hann er jarðfastur og tekur því nokkuð pláss á hafnarsvæðinu auk þess sem skip sem losað þarf að færa eftir því úr hvaða lest er losað en það rýrir það viðlegusvæði sem er til ráðstöfunar. Á Reyðarfirði er búnaðurinn á spori og því ekki eins ósveigjanlegur og sá sem er á Grundartanga. Lestun og losun skipa Elkem fer fram með þeirra eigin krana sem er kominn nokkuð til ára sinna og er á spori og nýtist nær eingöngu til að þjónusta það fyrirtæki, enda í eigu Elkem.

Lífland notast við löndunarbúnað, færribönd en endurnýjun þess búnaðar er í undirbúningi. Höfnin leggur til svæði fyrir löndunarbúnað þessara fyrirtækja en rekstur þeirra er alfarið á höndum fyrirtækjanna sjálfra.

Eimskip hf. og Samskip ehf. eru með reglubundnar siglingar á Grundartanga m.a. vegna útflutnings á framleiðslu iðjuveranna, en leiguskip aðalega á vegum Nesskipa annast að mestu flutning á hráefni til Elkem og sér einnig um flutninga framleiðslunnar frá verksmiðjunni en þó hafa flutningar með gámum aukist umtalsvert frá Elkem.

Flutningar og skipakomur.

Á síðustu árum hafa umsvif á Grundartanga verið ört vaxandi. Skipakomum hefur jafnt og þétt fjölgað eftir því sem framleiðsluaukning hefur orðið hjá fyrirtækjum á svæðinu. Árið 2010 komu 295 skip til Grundartangahafnar, en þróunin er eftirfarandi:



Flutningar á Grundartanga voru á árinu 2016 um 1,6 milljón tonn. Innflutningur á hráefnum til Elkem og Norðuráls. er um 1,2 milljónir tonna (súrál, kvarts, rafskaut og kolefni) og útflutningur á framleiðslu fyrirtækjanna um 450 þúsund tonn (ál og járnblandi). Að auki er nokkur innflutningur á áburði, kolum og nú korni. Þróun gámaflutninga er eftirfarandi:



TEU	Grundartangi					
	Til hafnar		Frá höfn		Samtals	
	Hlaðnir	Tómir	Hlaðnir	Tómir	Hlaðnir	Tómir
2005	4.416	2.661	5.454	896	9.870	3.557
2006	6.415	3.885	8.590	1.041	15.005	4.926
2007	6.395	5.838	11.093	592	17.488	6.430
2008	5.837	8.084	13.187	289	19.024	8.373
2009	5.897	5.567	13.062	155	18.959	5.722
2010	5.944	4.137	15.086	125	21.030	4.262
2011	6.860	3.259	15.801	236	22.661	3.495
2012	4.765	6.339	15.634	272	20.399	6.611
2013	6.490	8.166	14.795	364	21.285	8.530
2014	7.481	7.571	16.330	242	23.811	7.813
2015	7.664	8.427	18.771	338	26.435	8.765
2016	8.117	9.260	18.476	633	26.593	9.893

Heildartekjur af vörugjöldum á Grundartanga árið 2016 voru 270 m.kr. og tekjur af skipagjöldum 42.0 m.kr. og skipaþjónustu 43 m.kr. Tekjur af Grundartanga eru um 13% af heildartekjum Faxaflóahafna sf.

Framtíðar flutningar um Grundartangahöfn.

Núverandi hafnarbakki Grundartangahafnar er alls 746 metrar. Hafnarbakkin skiptist í Austurbakka sem er 121 metra langur og 625 metra samfelldan Tangabakka sem samanstendur úr fjórum áföngum. Farmstöð hafnarinnar er tæplega 9 hektara svæði og innan fárra ára er hægt að stækka það svæði. Dýpi við hafnarbakka er eftirfarandi: Austurbakki -7,5. Tangabakki, elsti hluti 59 m. næst Austurbakka er í -10,0, en annað dýpi við bakkann er frá -13,0 til -14,0 metrar. Á farmsvæðinu er Elkem og Norðurál með svæði fyrir gáma auk löndunarbúnaðar, en gert er ráð fyrir að eftir því sem land verður til vestar á svæðinu opnast frekari möguleikar fyrir aðra flutningsaðila til inn- eða útflutnings auk þess sem löndunaraðstaða fyrir Lífland verður staðsett á nýjasta hluta Tangabakka.



Núverandi hafnarbakki Grundartangahafnar



Fyrir liggur að núverandi aðalskipulag gerir ráð fyrir að byggja megi nýja viðlegubakka til vesturs, framlenging núverandi Tangabakka sem nemur allt að 600 metrum og liggja fyrir samþykktar skipulagsheimildir. Gera má ráð fyrir að þegar hafnarbakkinn hefur verið lengdur sem því nemur þá verði til um 14 - 15 hektarar lands þar á bakvið, sem nýst geta sem farmstöð.

Afkastageta Grundartangahafnar er í dag um 100.000 TEU, en flutningar um höfnina árið 2016 var um 1,7 milljón tonn og um 36.000 TEU. Fullbyggð gæti Grundartangahöfn afkastað um 200-300.000 TEU, en afkastageta hafnarinnar verður þó alltaf tengd þeim tækjabúnaði sem er til staðar til losunar og lestunar gáma.

Árið 2015 var staðsettur þar mobile krani í eigu Eimskipa og er sú ráðstöfun mjög mikilvæg fyrir flutninga um Grundartangahöfn. Sú fjárfesting eykur verulega hraðann á losun og lestun gáma.



Mobile krani í eigu Eimskipa.



Umhverfismál.

Faxaflóahafnir sf. hafa á síðustu árum lagt verulega aukna áherslu á umhverfismál í rekstri sínum. M.a. heldur fyrirtækið grænt bókhald og vinnur nú að fá vottun á umhverfisstjórnkerfi fyrirtækisins. Fyrirtækið lét gera úttekt á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga árið 2013 og liggur fyrir niðurstaða þeirrar úttektar í skýrslu. Megin niðurstöðurnar voru eftirfarandi:

- Kröfur sem gerðar eru til iðnfyrirtækjanna á Grundartanga reynast við samanburð vera sambærilegar alþjóðlegum kröfum sem við eiga. Í tilteknum tilvikum eru kröfurnar jafnvel strangari samkvæmt íslenskum lögum og reglugerðum en kveðið er á um í tilheyrandi ESB-tilskipunum.
- Umhverfisvöktun samkvæmt áætlun og fyrirmælum Umhverfisstofnunar gefur skýra mynd af mengun á svæðinu.
- Umhverfismælingar eru hlutlausar, í samræmi við alþjóðlega staðla, framkvæmdar af sérfræðingum með þekkingu og reynslu og niðurstöður þeirra eru túlkaðar af óháðum sérfræðingum.
- Þolmörkum er náð á Grundartanga hvað varðar styrk brennisteinstvíoxíðs við jaðar þynningarsvæðisins.
- Skýrsluhöfundar kveikja á viðvörunarljósum varðandi nokkra mengunarpætti og telja nauðsynlegt að fylgjast með gangi máli með framtíðaruppbyggingu á svæðinu í huga.
- Frekari uppbyggingu eru settar ákveðnar skorður varðandi val á nýrri starfsemi á Grundartanga einkum starfsemi sem losar brennisteinstvíoxíð.

Þá hafa Faxaflóahafnir í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands látið framkvæma reglulegar gerlamælingar á sjó við Grundartanga og niðurstaða þeirra mælinga mjög jákvæð. Enn fremur hafa verið unnin hljóðvistarkort fyrir Grundartanga og úttekt á lýsingu á svæðinu. Loks skal nefna að árið 2012 var hafin endurheimt vottendis þar sem Katanestjórn var og hefur tjörninn nú náð fyrri vatnshæð, en um langt skeið var unnið að framræslu landsins umhverfis tjörnina. Helstu atriði umhverfismála má sjá í neðangreindri samantekt:

1. Á síðustu árum hefur jafnt og þétt verið unnið að umhverfisbótum á Grundartanga samhliða gatna- og lóðagerð. Malbikaðir hafa verið göngustígar, gróður settur í opin svæði og jarðvegsmanir, skurðir við Katanestjórn fylltir þannig að Katanestjórnin hefur nú verið endurheimt sem viðheldur kolefnisbindingu. Á árinu er gert ráð fyrir nokkrum verkefnum við lagningu göngustíga.
2. Umhverfis fyrirhugaða lóð Sillicor er gert ráð fyrir jarðvegsmonum og gróðri, en ætlun er, fari framkvæmdir af stað, að nýta að mestu óburðarhæft efni úr lóð fyrirtækisins í umhverfisfrágang og jarðvegsmanir.
3. Með samkomulagi Faxaflóahafna sf. og Hvalfjarðarsveitar frá 6. maí 2015 var ákveðið að leggja í auknum mæli grænar áherslur við þróun Grundartangasvæðisins og m.a. vinna að eftirfarandi: "Aðilar eru jafnframt sammála um að auka samstarf við þau fyrirtæki, sem þegar starfa á Grundartanga, í því skyni að ná enn frekari árangri í umhverfismálum. Aðilar eru sammála um að móta stefnu um æskilega nýja starfsemi á svæðinu þar sem umhverfisstjórnarmið verði höfð að leiðarljósi.
 - a. Að ný fyrirtæki á iðnaðarlóðum skili til Faxaflóahafna sf. Hvalfjarðarsveitar og Skipulagsstofnunar umhverfisskýrslu, þar sem fyrirhugaðri starfsemi er ítarlega lýst. Á grundvelli þeirrar skýrslu taki Faxaflóahafnir sf. og Hvalfjarðarsveit sameiginlega ákvörðun um hvort til úthlutun lóðar komi.
 - b. Að Faxaflóahafnir sf. og Hvalfjarðarsveit eigi með sér formlega samráðsfundi um umhverfismál á Grundartanga og miðlun upplýsinga um þá aðila sem áhuga hafa á úthlutun lóða á svæðinu."

Undirbúningur þessarar vinnu er hafinn og beðið tillagna Stefáns Gíslasonar, umhverfisstjórnunarfræðings, um efnistöð frekari vinnu og stefnumótunar.



4. Faxaflóahafnir sf. vinna nú að því að fram fari úttekt á skógrækt á Grundartanga en um 36 hektara asparskógur var gróðursettur á Grundartanga á árum áður. Jafnframt hefur umtalsvert magn greni- og birkitrjáa auk fleiri trjátegunda verið plantað víða á eignarlandi Faxaflóahafna sf. Mikilvægt er nú að meta þörf á grisjun, aðferðafræði við grisjun og tilfærslu trjáa og fleira. Ráðgert er að vinna þessa verkefnið fari af stað á vormánuðum og taki um 12 mánuði.
5. Af hálfu Elkem og Silicor Materials hefur þeirri hugmynd verið hreyft að ráðist verði í verulega skógrækt á Grundartanga. Hugmyndin felst í mögulegu samstarfi þessara fyrirtækja, Hvalfjarðarsveitar, Kolviðs, Festu og Faxaflóahafna sf. Af hálfu Faxaflóahafna sf. hefur verið lýst yfir vilja til þátttöku að því gefnu að Hvalfjarðarsveit heimili áform í þessa átt og sé reiðubúið til samstarfs.
6. Faxaflóahafnir sf. hafa unnið að skýrslu um hljóðvist á Grundartanga.
7. Faxaflóahafnir hafa látið vinna skýrslu um lýsingu á Grundartanga og átt viðræður við Norðurál og Elkem um úrbætur þar sem þær eru mögulegar. Unnið verður að ákveðnum úrbótum á næstu mánuðum í samstarfi við Elkem. Norðurál hefur þegar gert ákveðnar breytingar á lýsingu, sem dregið hafa úr ljósmagni út fyrir lóð fyrirtækisins.
8. Af hálfu Norðuráls og Elkem hefur þeirri hugmynd verið hreyft að nálgast umhverfisvöktun fyrirtækjanna á annan hátt en nú er gert. Þekkt er að samkvæmt starfsleyfi eru fyrirtækin ábyrg fyrir vöktuninni, sinna hluta mælinga sjálf, en fá viðurkennda rannsóknaraðila að öðrum mælingum. Í skýrslu Faxaflóahafna sf. frá árinu 2013 kemur fram að mælingarnar séu áreiðanlegar, en í umræðu um þær hafur annars vegar verið gagnrýnt að fyrirtækin sjálf séu ábyrg fyrir mælingunum og að e.t.v. þurfi að mæla á öðrum stöðum eða önnur atriði en gert er í dag skv. áætluninni.

Þeirri hugmynd hefur sem sagt verið hreyft að fá fleiri aðila að umræðu og ákvarðanatöku um hvað skuli mæla, hvar skuli mæla og hverjum skuli fela framkvæmd mælinga. Sú nálgun mun þó engu breyta ákvæðum laga og starfsleyfa að fyrirtækin verða áfram ábyrg fyrir mælingunum, en rætt hefur verið við Umhverfisstofnun að breyting verði gerð á kynningu á niðurstöðum, þannig að stofnunin komi þar meira að málum en tíðkast hefur. Engin ákvörðun hefur verið tekin um þessi atriði en ljóst að vilji er til breytinga á vinnulagi í því skyni að auka traust á þeim mælingum sem nauðsynlegt er að gera.
9. Af hálfu Faxaflóahafna sf. hefur Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri tekið reglubundið sjávarsýni til að staðreyna gæði sjávar við Grundartanga. Niðurstaða þeirra sýna eru að engar athugasemdir eru gerðar við gæði sjávar á svæðinu m.t.t. gerlamengunar.
10. Við lengingu Tangabakka, 3. áfanga sem er lokið, hefur verið lögð útrásarlögn til framtíðar nota. Þessi megin regnvatnsútrás liggur í Tangavegi og út um þil á Tangabakka. Þessi útrás safnar saman regnvatni af nánast öllu vestursvæði á Grundartanga og af lóð Elkem. Yfirfall rotþróa á hverri lóð og er einnig tengt inn á þessa lögn. Tvöfalt fráveitukerfi er lagt í allar götu á Grundartanga til framtíðarnota.
11. Öll starfsemi fyrirtækja á Grundartanga gerir ráð fyrir að komið sé fyrir rotþróum á lóðum fyrirtækjanna og er stærð þeirra miðað við starfsemi hvers fyrirtækis. Þar sem hægt er að koma fyrir siturlögnum er það gert. Til að tryggja að uppsöfnun verði ekki í rotþróum eru þær hreinsaðar með reglubundnum hætti samkvæmt sérstökum verksamningi Faxaflóahafna þar um og seyru fargað með viðurkenndum hætti.
12. Rætt hefur verið við Elkem um breytingar á notkun vatns þannig að dregið verði úr notkun á hreinu neysluvatni sem fari til kælingar. Jákvætt hefur verið tekið í þetta og eru viðræður hafnar um að þróun verði í þessa átt og í auknum mæli verði horft til "iðnaðarvatns" sem kælivatns. Við alla hönnun vatnslagna á Grundartanga er gert ráð fyrir lögnum fyrir iðnaðarvatn og einskorðast þessi vinna ekki eingöngu við Elkem. Norðurál notar töluvert af vatni til öryggiskælingar og möguleikar á iðnaðarvatnsnotkun eru víðar til staðar, m.a. væntanlega hjá Silicor Materials.



Þegar á heildina er litið er Grundartangi eitt best vaktaða svæði landsins og ýmislegt verið gert í umhverfismálum þó svo að fjöldi verkefna sé framundan. Mikilvægt er að heildarsýn á þessi verkefni sé fyrir hendi og stefna sem unnið er eftir. Að auki má benda á að Umhverfisstofnun er nú orðin virkari í eftirliti og athugasemdum vegna starfsleyfisskyldrar starfsemi á svæðinu.



Yfirlitsmynd af Grundartanga

Starfsleyfisskyld starfsemi á Grundartanga:

Fjögur fyrirtæki í iðnaði eru með starfsleyfisskylda starfsemi á Grundartanga. Þau eru Elkem, Norðurál, GMR og Kratus. Ekki er ljóst hvernig framtíðarrekstur GMR ehf. verður háttáð en félagið hefur verið lýst gjaldþrota.

Elkem starfar samkvæmt starfsleyfi sem endurnýjað var þann 20. ágúst 2009 og gildir til 1. september 2025. Þynningarsvæði er afmarkað í starfsleyfinu samkvæmt upprætti hér til hliðar, en það er vegna brennisteinsdíoxíðs, sem mælt er og skal vera innan ákveðinna marka.

Norðurál starfar samkvæmt starfsleyfi dags. 24. febrúar 2003 og gildir til 1. júní 2020. Þynningarsvæði vegna mengunar frá fyrirtækinu er afmarkað á korti en það er vegna brennisteinsdíoxíðs (SO₂) og flúoríðs. Þynningarsvæði brennisteinsdíoxíðs er það sama og hjá Elkem, en þynningarsvæði vegna flúor er mun minna.

Þynningarsvæði á Grundartanga

Ákveðin úrgangsefni frá iðjuverunum fara í svonefndar flæðigryfjur sem Faxaflóahafnir sf. hafa útbúið en Umhverfisstofnun hefur eftirlit með. Í þær gryfjur eiga einungis að fara ákveðin tilgreind efni auk jarðefna til fyllingar. Núverandi flæðigryfja er vestan við hafnarsvæðið á lokuðu svæði og vöktuð af vöktunaraðila svæðisins. Þegar það svæði verður fullnýtt er ráðgert að flæðigryfjurnar verði austan við



núverandi hafnarmannvirki. Flæðigryfjur eru tilgreindar í starfsleyfi fyrirtækjanna og á ábyrgð þeirra að farið sé að settum lögum og reglum.

Við byggingu Elkem og Norðaráls hf. var bundið í starfsleyfi fyrirtækjanna að þau ættu að kosta og annast ákveðna umhverfisrannsóknir og vöktun. Þessar rannsóknir eru festar niður í áætlun um umhverfisvöktun og er nú unnið að vöktunaráætlun fyrir árin 2011 til 2020.



Flæðigryfjur á Grundartanga þar sem losun frá iðjuverum er leyfð.

Í þeirri vöktunaráætlun er m.a. gert ráð fyrir mælingu á útblæstri fyrirtækjanna og efnum sem í þeim eru, rannsóknum á vatni, jarðvegssýnum og sauðfé svo dæmi séu nefnd. Rannsóknir þessar eru mikilvægur þáttur í því umhverfiseftirliti sem nauðsynlegt er m.a. á grundvelli laga og reglugerða.

Megináherslur Faxaflóahafna sf. varðandi þá vöktunaráætlun sem nú er unnið eftir miðast við eftirfarandi:

Faxaflóahafnir sf. hafa verulega hagsmuni af því að vel sé að verki staðið við öflun umhverfisupplýsinga á Grundartanga. Samkvæmt aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar er Grundartangasvæðinu skipt upp í athafnasvæði, hafnarsvæði og iðnaðarsvæði auk grænna svæða norðan til þar sem allnokkur trjárækt er til staðar. Hagsmunir Faxaflóahafna sf. felast annars vegar í því að fjölbreytt starfsemi á svæðinu önnur en stóriðja og hins vegar byggð í næsta nágrenni svæðisins geti treyst þeim upplýsingum sem safnað er varðandi þau mælanlegu umhverfisáhrif sem starfsemi iðjuveranna hefur í för með sér.

Stjórn Faxaflóahafna sf. samþykkti á sínum tíma neðangreinda umsögn um þá vöktunaráætlun sem er í gildi:

1. Afar mikilvægt er að Umhverfisstofnun staðfesti niðurstöður umhverfisvöktunar á Grundartanga og ábyrgist að niðurstöður þeirra séu réttar. Sú staðfesting er forsenda þess að unnt sé að leggja upplýsingar og gögn fram sem trúverðugra grundvallar umhverfisupplýsingu fyrir Grundartanga og nágrenni.
2. Aðgengi sveitarfélaga, fyrirtækja og almennings að þeim mælingum sem gerðar eru er afar mikilvægur þáttur, sem lagt er til að verði bætt verulega frá því sem nú er. Lagt er til að



Umhverfisstofnun gefi mælingar á svæðinu út árlega og birti þær á heimasíðu stofnunarinnar. Í því sambandi er einnig mikilvægt að framsetning upplýsinganna sé skýr og auðskilin almenningi.

3. Sem hluti vöktunaráætlunar á Grundartanga og nágrennis sbr. starfsleyfi iðjuveranna á Grundartanga er mikilvægt að herða á framkvæmd tilkynningarskyldu og viðbragðsferla þegar einhverjir hlutir fara úrskaiðis. Þessi atriði má með einföldum hætti bæta, nágrönnum og öllu umhverfinu til frekara öryggis.
4. Stjórn Faxaflóahafna sf. getur á þeim tíma sem henni hefur verið gefinn til að gefa umsögn um vöktunaráætlunina ekki tekið afstöðu til einstakra tillagna um breytingar á þeim rannsóknum sem framkvæmdar hafa verið á síðustu árum. Sú tillaga sem liggur fyrir gerir ráð fyrir að lækka tíðni vatnsmælinga, fella niður mælingar á beitargróðri, heyi, túngrósum, mosa og jarðvegi, en fjölga sýnatökustöðum flúorsmælinga í gróðri um fjóra og auka eftirlit með sauðfé. Aukning sýnatökustaða og aukið eftirlit með sauðfé er jákvæð tillaga, en varað er við að draga úr öðrum mælingum, nema fyrir því séu góð og haldbær rök að mati Umhverfisstofnunar.
5. Varðandi þær mælingar sem áætlunin gerir ráð fyrir þá er mjög mikilvægt að þær staðfesti að þynningarsvæðið fyrir Grundartanga sé í samræmi við þá afmörkun sem skilgreind er fyrir iðjuverin á Grundartanga. Þá skilgreiningu er mikilvægt að Umhverfisstofnun staðreyni og staðfesti út frá þeim mælingum sem gerðar eru.

Þrátt fyrir mikilvægi ofangreindrar umhverfisvöktunar er þó mikilvægast að fylgjast með og tryggja virkni hreinsibúnaðar iðjuveranna og halda frávikum í rekstri þeirra í algjöru lágmarki. Eins er mikilvægt að fylgjast reglulega með frárennsli þeirra og bregðast án tafar við hugsanlegum frávikum. Loks skal nefnt að mikilvægt er að tryggja áfram að reglum varðandi förgun í kerbrotagryfju sé fylgt til hins ítrasta. Tryggur frágangur þessara umhverfisþátta ásamt öflugri umhverfisvöktun eru forsenda þess að starfsemin á Grundartanga sé í samræmi við reglur og umhverfisviðmið fyrir iðnaðarstarfsemi. Umhverfisstofnun hefur brugðist við hluta af þeim atriðum sem nefnd eru hér að framan og vilji er til þess að tryggja sem best gegnsæi upplýsinga og trúverðugleika þeirra.

Veitur og lagnir.

Rafmagn til stóriðu.

Einn sterkasti punktur í raforkukerfi landsins er á Brennimel í nágrenni Grundartanga. Frá tengivirkinu á Brennimel liggur háspennulína að stóriðuverunum, Norðuráli og Elkem, norðan við iðjuverin og koma háspennulínurnar inn á land hafnarinnar yfir Hólmavatn. Þessar háspennulínur þjóna eingöngu stóriðuverunum. Landsnet er eigandi háspennuvirkjana og hefur Landsnet styrkt flutningsnetið til rafmagnsflutninga frá Brennimel á Grundartanga m.a. með byggingu launafsvirkis, en með því er afhendingaröryggi og flutningsmagn um háspennulínur aukið.

Dreifing rafmagns til annarra en stóriðu:

Á athafnarsvæði hafnarinnar er rafmagn dreift til annarra en stóriðjunnar af hálfu Rarik. Háspennulína, sem er lögð í jarðstreng kemur ofan frá þjóðvegi 1 við Brennimel og liggur vestan við lóð Elkem að spennistöð sem þar er. Rafmagn er síðan dreift þaðan að hafnarsvæði og til annarra notenda eftir gatnakerfi hafnarinnar og með minni spennistöðvum eftir þörfum. Gerð er krafa um það í skilmálum hafnarinnar að lóðarhafa geti þurft að koma fyrir spennistöðvum í byggingum sínum gerist þess þörf.

Vatnsveitumál:

Á Grundartanga er starfandi vatnsveita í eigu Elkem og Norðuráls. Veitunni var komið á legg í upphafi starfsemi Íslenska járnblendisfélagsins á Grundartanga og síðan kom Norðurál að málum með styrkingu veitunnar þegar þar hófst starfsemi. Þetta vatn er sótt í Svínadal, nánar tiltekið í land Tungu og í land Hlíðarfóts. Þessi veita hefur þjónað athafnarsvæðinu á Grundartanga með gæðavatni sem sveitarfélagið og Grundartangahöfn hafa notið góðs af frá upphafi. Sveitarfélagið hefur með þessari veitu fengið vatn fyrir þéttbýlið í Melahverfi og á nokkra bæi á lagnaleiðinni. Höfnin hefur keypt vatn samkvæmt sérstökum samningi frá þessari veitu aðalega til afgreiðslu á vatni í skip. Fyrir nokkrum árum var ljóst að það vatnsmagn sem til ráðstöfunar er í þessari veitu er ekki



nægjanlegt til frekari uppbyggingar á svæðinu og telst veitan nánast fullnýtt. Það sem takmarkar vatnsmagnið er flutningsgeta lagna, en nokkurt viðbótarvatn er hægt að ná í á áður nefndum vatnstökustöðum. Komið hafa upp tilvik um vatnsskort í þurrkatið á undanförmum árum. Til að jafna birgðastöðu vatns er á kerfinu stór vatnstankur til að taka sveiflur og einnig þjónar hann kerfinu sem öryggisbirgðatankur vegna brunavarna.

Til að vinna að frekari öflun vatns fyrir svæðið var árið 2008 stofnað Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar sem er í eigu Faxaflóahafna sf. og sveitafélagsins Hvalfjarðarsveitar til helminga. Undirbúningur að viðbótar vatnsöflunar fyrir svæðið nær mun lengra aftur í tímann, en segja má að með stofnun þessa félags hafi undirbúningsvinnuni verið stefnt í ákveðinn farveg. Meginmarkmið félagsins er að afla svæðinu viðbótarvatns. Á vegum félagsins hefur verið unnið að þessu verkefni og hafa vatnsöflunarmöguleikar verið kortlagðir á öllu svæðinu. Samningur hefur verið gerður við Elkem um afnot af lögnum félagsins til að afla viðbótarvatns og hefur verið byggð dælustöð til að tryggja tilfærslu viðbótarvatns til svæðisins.

Að undanförmum hefur einnig verið unnið að því að skoða með öflun vatns, sem getur kallast iðnaðarvatn eða kælivatn. Stór hluti þess vatns sem nú er notaður á Grundartanga fer til kælingar og miðar því vinna nú að því að afla þessa vatns en með því má bæta vatnsbúskapinn á svæðinu, sem er algjör forsenda fyrir áframhaldandi uppbyggingu þess. Fyrir liggur samkomulag við eigendur jarðarinnar Hlíðarfótar um viðbótar vatnstöku og samkomulag er við Elkem um frekari vatnstölu úr landi þeirra í Tungu .

Lagnakerfi vatnsveitu á hafnarsvæði er lagt á vegum hafnarinnar og er í eigu hennar. Norðurál notar öflugt sjóðælukerfi til kælingar við sína framleiðslu sem fyrirtækið hefur sjálft byggt upp og sér um rekstur á.

Vatnsmagn sem fer til Grundartanga nú er eftirfarandi:

- Heildar rennsli til Grundartanga er nú: 25 l/sek.
- Elkem: 18 l/sek.
- Norðurál: 5 l/sek.
- Faxaflóahafnir sf.: 2 l/sek
- Möguleiki á auknu vatni skv. samningum í Tungu með dælingu: 24 l/sek.
- Möguleiki á auknu vatni skv. samningum til síðari nota, í Hlíðarfæti: 20 l sek

Frárennsli:

Regnvatni á Grundartanga er veitt af hafnarsvæði, lóð Elkem og öðrum lóðum til sjávar um núverandi lagna- og gatnakerfi. Regnvatni frá Norðuráli er veitt beint til sjávar. Varðandi fráveitur skólps er málum þannig hátt að allt skólps á Grundartanga er leitt í rotþrær. Gildir það um stóriðjuna og einnig hús á lóðum, sem höfnin hefur úthlutað á liðnum árum. Yfirfall þessara rotþróa er þó tengt regnvatnsútrásur. Hönnun fráveitumannvirkja á miðar við tvöfalt fráveitukerfi. Þróun þess kerfis til framtíðar mun taka mið af áframhaldandi þróun athafna- og hafnarsvæðisins.

Hitaveita – glatvarmi.

Á Grundartanga er ekki starfandi hitaveita. Hitaveita er þó starfandi í sveitarfélaginu Hvalfjarðarsveit en ekkert dreifikerfi hitaveitu á Grundartanga og allar byggingar þar hitaðar með rafmagn. Skoðun á fyrirkomulagi þessara mála hefur komið upp reglulega á undanförmum árum en ekki liggur fyrir niðurstaða varðandi mögulega þjónustu þessarar veitu við athafnarsvæðið. Orkuveita Reykjavíkur rekur hitaveitu og liggur lögn um sveitarfélagið, frá Deildartungu í Borgarfirði til Akraness. Ekki er umframflutningsgeta í þeirri veitu og því verður ekki séð að það sé valkostur miðað við núverandi stöðu að svæðið tengist þeirri veitu.

Í verksmiðju Elkem myndast gríðarlegur varmi við bruna í ofnum fyrirtækisins. Möguleiki er tæknilega á að virkja þennan glatvarma og nýta í fjarvarmaveitu fyrir athafnarsvæðið á Grundartanga. Það eru þó ýmis ljón á þeim vegi. Kostnaður er gríðarlegur og þótt Elkem hafi ekki farið út í framkvæmdir vegna þessara hugmynda hafa þeir látið skoða mögulega útfærslu á virkjun þessa varma. Með frekari uppbyggingu á Grundartanga ætti þessi kostur að verða fýsilegri en ljóst er að ekki mun verða af framkvæmdum nema í nánú samstarfi við Elkem og hugsanlega sveitarfélagið líka.



Gagnaveita:

Í öllu gatnakerfi á Grundartanga er gert ráð fyrir að tryggt verði með aðkomu og lagnaleiðir fyrir þá aðila sem bjóða uppá gagnaveitur en þrír aðilar bjóða í dag þá þjónustu á Grundartanga: Gagnaveita Reykjavíkur, Míla og Fjarski.

Helstu verkefni á framkvæmdaáætlun árin 2017 – 2021.

Nýlokið er gerð 120 metra viðlegubakka, framlengingu á Tangabakka. Hafin er vinna við hækkun 2. áfanga Tangabakka. Verkefnið er snúið á verktímanum þar sem tryggja þarf full afnot af bakkanum á meðan á framkvæmdum stendur.

Nýr hafnarkrani Eimskipa kallar á nokkrar framkvæmdir tengdar þessari hækkun hafnarbakkans og síðan eru lagnaleiðir vegna rafmagnstenginga við kranann unnar samhliða, auk brunna og kapalrenna sem í manvirkið koma. Eimskip stendur straum af tengdum kosnaði vegna þessa.

Lífland mun jafnframt fara af stað með að koma fyrir sínum endanlega löndunarbúnaði fyrir við nýjasta hluta Tangabakka og fellur því eldri bráðabirgðabúnaður úr notkun. Búnaðurinn verður neðanjarðar og á kostnað Líflands en yfirborð stokksins og frágangur þar tengdur verður á kostnað hafnarinna. Mikill fengur er að því að þessi búnaður verði neðanjarðar og eykur nýtingarmöguleika þessa svæðis umtalsvert.

Baksvæði 2. áfanga verður fyllt upp og komið í rétta hæð með viðeigandi lagna- og fráveitukerfi.

Samningsbundið er að ganga frá tveimur lóðum fyrir Eimskip við Klafastaðaveg, en þegar er lokið við að fylla eina lóð í hæð.

Efnisvinnsla fer nú að mestu fram úr lóðum við Klafastaðaveg og er þar unnið og malað eftir þörfum til hinna ýmsu fyllingarverkefna, bæði í sjó og á landi. Fyllingarefni úr sjó og úr öðrum námum mun að jöfnu koma til skoðunar við fyllingarverk í framtíðinni. Hafnar- og sjókort eru unnin jafnóðum. Raunteikningar og handbækur vegna lagna eru á lokastigi.

Verkefni tengd flæðigryfjum verða unnin áfram, til landfyllingar. Lójuverin, Elkem og Norðurál hafa heimild til losunar efnis í flæðigryfjum samkvæmt þeirra starfsleyfi. Losunin fer fram á skilgreindu svæði sem er samkvæmt deiliskipulagi á hverjum tíma. Nú fer losunin fram sunnan við lóð Líflands á baksvæði væntanlegs hafnarbakka og eingöngu er tekið við jarðefnum sem teljast burðarhæft efni og nýtist því Faxaflóahöfnum til landfyllingar. Flæðigryfjussvæðið er lokað öðrum en þeim sem eiga þangað erindi og er aðgangsstýrt og allt efni sem fer inn á svæðið er vigtað og skráð.

Aðalskipulagi austursvæðis og með nýju deiliskipulagi var framkvæmd vegna hugsanlegrar byggingar sólar kísilverksmiðju Silicor undibúin. Af hálfu Faxaflóahafna sf. felur verkefnið í sér gatnagerð inn á land Kataness og viðlegumannvirki í Leyni fyrir löndun á saltsýrublöndu og lestun á útþynntri sýrublöndu að notkun lokinni. Framkvæmdir biða staðfestingar Silicor á að verkefnið fari af stað.

Eftir því sem þörf er á er unnið að lóðagerð og gatnagerð m.a. í tengslum áætlanir Eimskipa um aðstöðu og starfsemi á Grundartanga.

Á framkvæmdaáætlun Faxaflóahafna sf. er gert ráð fyrir að verja alls 1,7 Ma. kr. til framkvæmda á svæðinu á árunum 2017 - 2021.



Landnýting og landnýtingarstefna.

Iðnaðar- og hafnarstarfsemi hófst á Grundartanga árið 1978. Svæðið hefur síðan verið í mótun og á eftir að mótast enn frekar. Á síðustu árum hafa fyrirtæki í ýmis konar framleiðslu sýnt Grundartanga áhuga m.a. fyrirtæki í gagnageymslu, framleiðslu á sodium chlorat, silicon carbide, kísilmálmframleiðslu, kísilflögur, poly silicon, endurvinnslu á álgjalli, sólarkísilframleiðslu, brotamálmum og fleira. Þá hefur verið gert ráð fyrir þeim möguleika að slippur verði gerður vestast í landi Klafastaða þar sem til skoðunar hafa komið þurrkví og hefðbundnar dráttarbrautir. Þar getur verið um að ræða framtíðar skipaviðgerðarsvæði á starfssvæði Faxaflóahafna sf. Í landi Kataness hefur verið skipulögð lóð fyrir sólarkísilframleiðslu á vegum fyrirtækisins Silicor, en beðið eftir endanlegri ákvörðun fyrirtækisins um að hefja framkvæmdir.

Faxaflóahafnir sf. eru hluthafar í Þróunarfélagi Grundartanga ehf., en fyrirtækið er að öðru leyti í eigu eigenda Faxaflóahafna sf. Tilgangur félagsins er að vinna stefnumótun og ákveðin verkefni sem styrki Grundartangasvæðið sem iðnaðar og atvinnusvæði.

Bent hefur verið á að nauðsynlegt er að flokka þá starfsemi sem vill koma inn á svæðið m.t.t. hafnsækni og eðli starfseminnar. Taka þarf tillit til ýmissa þátta svo sem umfangs varðandi landþörf, orkunotkun, vatns, frárennslis og annarra umhverfisþátta. Óhjákvæmilegt er að val fyrirtækja inn á svæðið falli að landnotkun í aðalskipulagi, umhverfisstefnu Faxaflóahafna sf., og stefnu eigenda Faxaflóahafna sf. varðandi umsvif framleiðslu og flutninga á Grundartanga. Í samkomulagi Faxaflóahafna sf. og Hvalfjarðarsveitar er að hluta tekið á þessum þáttum en í samkomulaginu segir m.a.:

- a. Að við úthlutun lóða til nýrra fyrirtækja á skilgreindum iðnaðarsvæðum samkvæmt gildandi aðalskipulagi á Grundartanga verði gerðar ríkar kröfur til þess að starfsemi nýrra fyrirtækja hafi í för með sér lágmarks umhverfisáhrif. Aðilar eru jafnframt sammála um að auka samstarf við þau fyrirtæki, sem þegar starfa á Grundartanga, í því skyni að ná enn frekari árangri í umhverfismálum. Aðilar eru sammála um að móta stefnu um æskilega nýja starfsemi á svæðinu þar sem umhverfissjónarmið verði höfð að leiðarljósi.
- b. Að ný fyrirtæki á iðnaðarlóðum skili til Faxaflóahafna sf. Hvalfjarðarsveitar og Skipulagsstofnunar umhverfisskýrslu, þar sem fyrirhugaðri starfsemi er ítarlega lýst. Á grundvelli þeirrar skýrslu taki Faxaflóahafnir sf. og Hvalfjarðarsveit sameiginlega ákvörðun um hvort til úthlutun lóðar komi.
- c. Að Faxaflóahafnir sf. og Hvalfjarðarsveit eigi með sér formlega samráðsfundi um umhverfismál á Grundartanga og miðlun upplýsinga um þá aðila sem áhuga hafa á úthlutun lóða á svæðinu.

Við gerð aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008 var ákveðið að draga úr því svæði sem merkt var sem iðnaðarsvæði en í staðinn skilgreint athafnasvæði auk hafnarsvæðis. Þau vandkvæði hafa hins vegar komið upp að skilgreining á landnotkun þessara svæða er ekki nægjanlega skýr í skipulagsreglugerð og því ekki hægt að ganga að sem vísu hvort starfsemi fellur undir iðnaðarskilgreiningu reglugerðarinnar eða athafnasvæði. Þetta er bagalegt.



Land Faxaflóahafna sf, landfyllingar og ófyllt deiliskipulagt svæði

Nokkur umræða hefur átt sér stað um hvaða starfsemi er æskileg á Grundartanga. Áhersla Faxaflóahafna varðandi skilgreiningu landnotkunar er að leggja áherslu á smærri fyrirtæki í blandaðri starfsemi á vestursvæði, en iðnaðarlóðum á fyrirtæki sem hafa í för með sér lágmarks umhverfisáhrif. Eftir sem áður er áfram horft til fyrirtækja í framleiðslu og flutningum. Þannig nýtast hafnarmannvirkin á Grundartanga best og tenging verður á milli landnotkunar og notkunar hafnarinnar. Þessi stefna myndi einnig hafa áhrif á arðsemi lóðargerðar og hafnargerðar. Í þessu felst að hafna verður aðilum með starfsemi sem er annað hvort of plássfrek eða of mengandi, en stuðlað að því að mannfrek, fjölbreytt og lítið mengandi framleiðslustarfsemi geti haslað sér völl. Deiliskipulag vestursvæðis og austursvæðis miðar við þessa framsetningu og stefnu.

Á iðnaðarsvæðinu undir járnblendi- og álverksmiðjunni er gert ráð fyrir möguleikum fyrirtækjanna á stækkun, og þróun starfseminnar. Á um 10,0 hektara svæði norðan járnblendiverksmiðjunnar er skilgreint iðnaðarsvæði sem Elkem hefur forgang að. Það kemur ekki í veg fyrir að Faxaflóahafnir sf. geti tekið það land til afnota undir æskilega starfsemi en gefa þar Elkem kost á að fá landið til afnota ef svo háttar.

Á svæðinu austan Norðuráls í landi Kataness er um 140,0 hektara land og þróunarrými, sem unnt er að nýta í framtíðinni en þar er samkvæmt aðalskipulagi gert ráð fyrir athafnasvæði og iðnaðarsvæði að hluta.

Niðurlag.

Grundartangi gegnir mikilvægu hlutverki í þróun hafnarsvæða Faxaflóahafna sf. á næstu árum. Svæðið býr yfir landkostum fyrir iðnaðar-, hafna- og athafnastarfsemi og má þar helst nefna ákjósanlegt byggingaland, fjarlægð frá íbúðabyggð en hæfilega fjarlægð frá þéttbýlisstöðum, góða hafnaraðstöðu og öflugt dreifikerfi rafmagns. Nú þegar eru umsvifin á svæðinu veruleg og hafa alla burði til að aukast enn frekar. Almennt er starfsemin á Grundartanga mannfrek og má áætla að á hverjum sólarhring séu þar nú um allt að 1000 manns að störfum auk verktaka og þjónustuaðila, sem sinna fyrirtækjum á svæðinu. Flestir starfsmenn búa norðan Hvalfjarðar en einnig er allnokkur fjöldi sem býr sunnan Hvalfjarðar og sækir vinnu af höfuðborgarsvæðinu upp á Grundartanga og fer sá fjöldi vaxandi. Með stækkandi atvinnusvæði höfuðborgarinnar þá mun Grundartangi gegna enn veigameira



hlutverki og í flutningastarfsemi er líklegt að Grundartangi geti þegar fram líða stundir tekið við hluta þeirra flutninga sem nú eru í Sundahöfn og þurfa mikið landrými.

Nokkur atriði eru mjög mikilvæg í tengslum við frekari þróun og uppbyggingu á Grundartanga:

- Skýr markmið eigenda um eðli og tegund þeirrar starfsemi sem æskileg er á Grundartanga þarf að vera fyrir hendi og þeim markmiðum fylgt eftir með aðal- og deiliskipulagi. Í þeim efnum getur verið skynsamlegt að leggja áherslu á fleiri og smærri fyrirtæki í blandaðri starfsemi en landfrekan og mengandi iðnað. Eftir sem áður verði horft til fyrirtækja í framleiðslu og flutningum. Þannig nýtast hafnarmannvirkin á Grundartanga best og tenging verður á milli landnotkunar og notkunar hafnarinnar. Þessi stefna myndi einnig hafa áhrif á arðsemi lóðargerðar og hafnargerðar.
- Mikilvægt er að umhverfisstefna Faxaflóahafna sf. séu skýr og umhverfisupplýsingar aðgengilegar.
- Tryggja þarf svæðinu nægjanlegt vatn til þess að taka á móti starfsemi sem þarf á neyslu- og kælivatni að halda. Aukin vatnsöflun á svæðinu mun koma Hvalfjarðarsveit til góða og er því skynsamlegt að vinna áfram að þeim málum í samstarfi við sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar og iðjuverin á Grundartanga.
- Vinna þar með markvissum hætti að markaðssetningu svæðisins innalands og erlendis.
- Endurbætur á gatnamótum Grundartangavegar við Þjóðveg 1 eru brýnar auk þess sem að uppbygging á Grundartanga kallar á endurbætur á vegtengingunni frá höfn að Þjóðvegi.
- Nauðsynlegt er að halda fyrirtækjum á Grundartanga vel upplýstum um stefnu Faxaflóahafna sf. í þróunar- og umhverfismálum á svæðinu og gera til þeirra kröfu um að vinna eftir bestu viðurkenndu aðferðum varðandi umhverfismál.
- Mikilvægt er að vinna að endurnýtingu þeirrar orku sem ekki nýtist í starfsemi Elkem og stuðla að þróunarverkefnum á svæðinu eins og kostur er.
- Skoða þarf hvernig Grundartangahöfn geti létta álagi af Sundahöfn einkum í innflutningi á vöru sem er plássfrek og geymist til einhvers tíma á farmstöðvum skipafélaganna.

Iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæðið á Grundartanga er komið skammt á veg í þróun þó svo að margt hafi áunnist í þeim efnum á síðustu 10 árum. Svæðið hefur til að bera góða möguleika til þess að vera mjög álitlegur valkostur fyrirtækja í fjölbreytilegri framleiðslu. Til þess að þessir kostir nýtist best er skýr stefna sem framfylgt er í sátt við samfélagið í grennd við svæðið mikilvæg. Aðvelt er að afmarka einstaka verkáfangi í þróun svæðisins og hafa þannig undan eftirspurn með litlum fyrirvara. Sveigjanleiki og stuttur tími í lóðagerð er mikilvægur þáttur gagnvart þeim sem sýna svæðinu áhuga, en flestir innviðir og landkostir gera svæðið umfram annað að mikilvægu þróunarsvæði Faxaflóahafna sf. og efnahags- og atvinnulífi við Faxaflóa.

Reykjavík 10. mars 2017

Gísli Gíslason, hafnarstjóri



Grundartangi port and industrial area Basic information

Brief description and sizes:

The Grundartangi port and industrial site is in a non-residential area on the northern shore of Hvalfjörður, 49 km from Reykjavík. The land is green and flat, a former agricultural field and total landsize is 615 hectares, of which some 200 - 250 hectares may be developed in the future as new building sites. Additionally, 50 hectares can be created by landfills. Already there are two big companies in the area, Elkem having a 12 hectare site, and Norðurál ehf which has a 130 hectare site. Sites have also been allocated to four smaller companies.



Site owner:

Faxaports, which is an independently operated company owned by five municipalities, one of which being the City of Reykjavík.

Zoning:

The area master plan shows this as a port and industrial zone. Authorities have already agreed on division planning of some 80 hectares for smaller sites. It is possible to draw up division planning at a short notice in collaboration with Hvalfjarðarsveit municipality with the sites being up to 20 hectares, as well as 50 hectares on landfills.



Price:

The price for fully prepared sites where the soil has been replaced is according to schedule of dues per square metre depending on location in the area. As regards virgin land where the lease holder sees to soil replacement, the price is negotiable. Regarding operations which might be of especial interest at the larger sites.

Industries on site:

Elkem (a ferro-silicon producer); Norðurál (a primary aluminium plant); Seven service companies (ironwork, machinery repairs and general services); Lífland (import and distribution of grain and fodder)

Port rates and dues:

Information on port rates and dues may be obtained at our homepage www.faxaflaohafnir.is

Electric power:

Very close to Grundartangi is Brennimelur, one of the most powerful electrical substations in Iceland. The most important distributors of electricity are Landsvirkjun / National Power Company (lv.is) and Orkuveita Reykjavíkur / Reykjavik Energy (or.is)

Fresh water supply:

Tap water may be provided to the companies on site. Water for cooling purposes is in limited supply. In the latter case, attention is drawn to making easy use of seawater for cooling.

Internet connection network:

There is an optical cable in the area. Further information about connections may be obtained from Mila ehf (mila.is) and Vodafone (vodafone.is).

Connecting roads:

Grundartangi area is very close to the national highway and main road and there is good access to the capital area (around 40 km).

International airport:

Keflavik International Airport is at a distance of some 90 km with scheduled daily flights to and from other parts of Europe and North America.

International shipping:

Two shipping companies operate scheduled services from Grundartangi and Reykjavík to Europe and North America. A third shipping company sees to chartered sailing to and from any port.



Deepwater port:


Overall quay length at Grundartangi is 746 metres. Maximum water depth now is 14 metres. There are good storage areas for containers and raw material.

Skilled labour:

Grundartangi is at a driving distance of some 30 - 40 minutes from the capital area where some 160,000 people live, and the driving distance to Akranes, which has a population of 7,000, is about a quarter of an hour. Driving to Borgarnes (pop. 3,000) takes some 20 minutes. Many companies in the area provide services in the metal industry and other fields.

Reykjavik, March 10th, 2017

Gísli Gíslason, Port Director
Tel: +354 6608966
E-mail: gislig@faxi.is



Fjölmenningarþing Reykjavíkurborgar

Reykjavík's Multicultural Congress Konferencja Wielokulturowa Miasta

25. mars 2017, Ráðhús Reykjavíkur

Dagskrá

- 09.15–10.00 Húsið opnar. Skráning og afhending fundargagna
- 10.00–10.15 Setning og ávarp borgarstjóra
- 10.30–12.00 HópaVinna
- 12.00–13.00 Léttur hádegisverður. Kynningartorg ýmissa aðila sem vinna að málefnum innflytjenda
- 13.00–14.30 HópaVinna
- 14.40–14.50 Ávarp formanns mannréttindaráðs og samantekt
- 14.50–15.30 Kaffi og kókur

Umræðuefni á þinginu verða eftirfarandi:

Aðgengi innflytjenda að vinnumarkaði
– að nálgast upplýsingar sem varða réttindi og skyldur bæði launþega og atvinnurekenda.

Húsnæðismál
– aðgengi innflytjenda að viðunandi leiguhúsnæði.

Fjölmenningardagur Reykjavíkurborgar
– endurspeglar núverandi fyrirkomulag nægjanlega vel áhrif og þátttöku innflytjenda í samfélaginu?

Ráðgjöf innflytjenda
– hvert skal leita?

HópaVinna með borðstjóra á 11 tungumálum:
Íslensku, ensku, pólsku, litháisku, rússnesku, tælensku, vietnömsku, tagalog, spænsku, arabísku og kínversku.

Skráning á netfangið immigrants@reykjavik.is eða í síma 411 4153 fyrir 20. mars 2017

Taka þarf fram kennitölu, nafn, netfang og á hvaða tungumáli viðkomandi vill taka þátt.

Programme

- 09.15–10.00 Registration and distribution of meeting documents
- 10.00–10.15 Opening and keynote address from the Mayor of Reykjavik
- 10.30–12.00 Group work
- 12.00–13.00 A light lunch and information exhibit from various places who work with issues concerning immigrants
- 13.00–14.30 Group work
- 14.40–14.50 Closing address and summary by the Chairman of the Human Rights Council
- 14.50–15.30 Coffee and cake

Discussions at the congress will be on following topics:

Jobs
– job market accessibility and information for immigrants living in Reykjavik about rights and responsibilities of your employer and you as employee.

Housing
– accessibility for immigrants to Reykjavik's rent market.

Reykjavik's Multicultural Day
– does Multicultural Day reflect well enough the diverse influence immigrants have in the community?

Consultancy for immigrants
– where to seek assistance and information?

Work will be done in groups, each group with a discussion leader, in 11 languages:
Icelandic, English, Polish, Lithuanian, Russian, Thai, Vietnamese, Tagalog, Spanish, Arabic & Chinese.

Registration by e-mail immigrants@reykjavik.is or by telephone at 411 4153 before 20th of March 2017

Please state your ID number (kennitala), name, e-mail address, and what language group you will participate in.

Program

- 09.15–10.00 Otwarcie ratusza. Rejestracja i rozdanie materiałów konferencyjnych
- 10.00–10.15 Uroczyste rozpoczęcie, przemówienie burmistrza
- 10.30–12.00 Praca w grupach
- 12.00–13.00 Lekki posiłek. Targi informacyjne. Prezentacja organizacji pracujących na rzecz imigrantów.
- 13.00–14.30 Praca w grupach
- 14.40–14.50 Przemówienie przewodniczącego Rady Praw Człowieka i podsumowanie
- 14.50–15.30 Kawa i ciasto

Podczas konferencji omawiane będą następujące tematy:

Praca
– dostęp do informacji dotyczących praw i obowiązków zarówno pracowników jak i pracodawców.

Mieszkanie
– dostęp imigrantów do wynajmu zadowalających mieszkań.

Dzień Wielokulturowy Miasta Reykjavik
– czy obecna forma odzwierciedla wystarczająco wpływ i uczestnictwo imigrantów w społeczeństwie?

Doradztwo dla imigrantów
– dokąd się udać?

Praca grupowa z koordynatorem przy każdym z 11 stołów w następujących językach:
islandzkim, angielskim, polskim, litewskim, rosyjskim, tajlandzkim, wietnamskim, tagalog, hiszpańskim, arabskim i chińskim.

Rejestracja drogą mailową immigrants@reykjavik.is lub telefonicznie 411 4153 przed 20 marca 2017

Prosimy o podanie kennitali, imienia i nazwiska, adresu mailowego oraz języka, w jakim dana osoba chce uczestniczyć.

